



Regnbogaþjóðin:
Suður Afríka og Aðskilnaðarstefnan

Kristín Ósk Guðjónsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Regnbogapjóðin:
Suður Afríka og Aðskilnaðarstefnan

Kristín Ósk Guðjónsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði

Leiðbeinandi: Unnur Dís Skaptadóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Kristín Ósk Guðjónsdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Ritgerðin fjallar um aðskilnaðarstefnuna sem ríkti í Suður Afríku á síðustu öld. Skoðaður er sá kenningarlegi grunnur sem var meðal annars notaður til að réttlæta aðskilnaðarstefnuna og aðrar álíka stefnur sem voru á undan. Kynþáttafordóma má líklegast finna að einhverju leyti í öllum nútíma samfélögum og er aðskilnaðarstefnan gott dæmi um þá. Fjallað verður um sögu Suður Afríku allt frá landnámi Hollendinga og þangað til aðskilnaðarstefnan leið undir lok. Einnig verður fjallað um það friðarferli sem landið gekk í gegnum áður en kom að fyrstu lýðræðislegu kosningunum árið 1994.

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	5
1. KENNINGAR	6
1.1. ETNÍSKIR HÓPAR OG ÞJÓÐERNISHYGGJA	6
1.2. FÉLAGSLEGUR DARWINISMI.....	8
1.3. MANNFRÆÐI OG KYNÞÁTTAFORDÓMAR	10
2. SAGA SUÐUR AFRÍKU.....	12
2.1. LANDNÁM.....	12
2.2. AFRÍSK ÞJÓÐERNISHYGGJA.....	15
2.3. UPPHAF AÐSKILNAÐAR.....	15
2.4 STEFNAN	17
2.5. MENNTUN	19
3. BARÁTTA GEGN AÐSKILNAÐARSTEFNU	20
3.1. NELSON MANDELA	25
4. FRIDARFERLIÐ	27
LOKAORÐ.....	32
HEIMILDIR	36

Inngangur

„Each one of us is as intimately attached to the soil of this beautiful country as are the famous jacaranda trees of Pretoria and the mimosa trees of the bushveld.. a rainbow nation at peace with itself and the world,,

- President Nelson Mandela, May 10, 1994

(Manzo, 1998; 71)

Í þessari ritgerð mun ég fjalla um aðskilnaðarstefnuna sem ríkti í Suður Afríku á síðustu öld.

Fyrsti kafli fjallar um nokkrar hugmyndir og kenningar um etníska hópa, menningu og þjóðernishyggju. Skilgreiningar Eriksen og Barth á þessum hugtökum eru skoðaðar og hvernig megi skilgreina þjóð ásamt ólíkum túlkunum á menningar hugtakinu. Kenningar um félagslegan darwinsíma eru einnig skoðaðar og hvernig líffræðilegar kenningar Darwins og Spencer höfðu áhrif á kynþáttafordóma og voru notaðar sem afsökun fyrir aðskilnaði. Mannfræðin og tengsl fræðigreinarinnar við kynþáttafordóma eru skoðaðar ásamt kenningar Mullings (2005), um að mannfræðin hafi í upphafi átt þátt í að þróa alls kyns fordóma og stefnur tengdum kynþáttum og það sé ástæðan fyrir því að mannfræðingar hafi ekki mikið fjallað um fordóma í gegnum tíðina.

Í öðrum kafla er sögulegt yfirlit yfir sögu Suður Afríku allt frá landnámi Jan van Riebeeck fram að endalokum aðskilnaðarstefnunar og lýðræðislegu kosningunum sem voru árið 1994. Skoðað er upphaf aðskilnaðar í tengslum við námuiðnaðinn sem blómstraði í landinu og hvernig borgarastríðið á nítjándu öld hafði áhrif á framtíðar stefnumótun landsins.

Þriðji kafli fjallar um baráttuna gegn aðskilnaðarstefnu bæði innan Suður Afríku og á alþjóðavísu og þá sérstök áhersla lögð á baráttu gegn stefnunni innan Bretlands. Einnig er umfjöllun um fyrrum forseta Suður Afríku, Nelson Mandela en varla er hægt að fjalla um aðskilnaðarstefnuna án þess að minnst á hann og hans baráttu gegn henni.

Fjórði og jafnframt síðasti kafli í þessari ritgerð fjallar um það friðarferli sem landið fór í gegnum eftir að aðskilnaðarstefnan var afnumin. Hlutverk sannleiks og friðarnefndarinnar er skoðað og kenningar Bar-Tal (2009) um hvernig friðarumræður eiga að fara fram. Cowlishaw (2009), Todd (2009) og fleiri fjalla um tilgátur sínar varðandi opinberar afsökunarbeiðnir frá ríkisstjórnnum í þeim löndum þar sem fólk hefur búið við aðskilnað.

1. Kenningar

1.1. Etnískir hópar og þjóðernishyggja

Hugtakið þjóðerni (ethnic) er upphaflega frá gríska orðinu ethnos sem upphaflega þýddi heiðingi, orðið var notað í þessari merkingu allt fram á nítjándu öld þegar orðið var notað meira í kynþáttalegu samhengi. Í kring um seinni heimstyrjöldina var orðið notað í bandaríkjunum sem kurteisara nafn yfir gyðinga. Þjóðerni og etnískir hópar hafa verið þekkt hugtök í mannfræði heiminum síðan á sjötta áratugnum, Eriksen vísar í Cohen (1978) en Cohen hélt því fram að þeir sem nota orðin eru ekkert alltaf að hafa fyrir því að skilgreina þau. Kynþáttafordómar byggjast mjög mikið á þeirri staðreynd að hver og einn etniskur hópur hafi sérstakan persónuleika sem fer algjörlega eftir kynþætti og útliti (Eriksen, 2002:4-5). Frederik Barth telur að hægt sé að nota etnískar hópa til að flokka fólk, en þá notum við grunneinkennum sem byggast til dæmis á uppruna eða bakgrunni til að flokka fólk niður í hópa. Fólk notar etníska hópa til að skilgreina sjálf sig frá öðrum. Þeir eiginleikar sem fólk notar til að skilgreina sig frá öðrum eru samt oftast en ekki einhverjir augljósir eiginleikar tilkomnir til dæmis vegna vistfræðilegra ástæðna og vill Barth meina að fólk þurfi að passa sig á því að þó etnískir hópar taki mark á menningarlegum mismun má ekki ganga út frá því að það sé samasem merki á milli etnískra eininga og menningarlegs sameiginleika eða mismuns (Barth, 1996; 78). Eriksen vísar einnig í hugmyndir Barths og vilja þeir báðir meina að ekki sé gott að nota menninguna til að skilja á milli etníska hópa. Barth heldur því fram að með því að nota menningu til að aðskilja etníska hópa gefi í skyn að hóparnir séu almennt ótengdir og oft einangraðir. Barth heldur því einnig fram að aðal markmið mannfræðinga ætti að vera að skoða það upphald og þær afleiðingar sem fylgja takmörkunum (e. boundaries) í kringum etníska hópa (Eriksen, 2002; 37).

Etníska hópa má finna úti um allan heim, í upphafi var frekar talað um ættbálka en með tímanum hefur hugtakið þjóðernishópar orðið vinsælla. Etnískir hópar eiga yfirleitt í einhverju samband við aðra hópa í kring. Eriksen heldur því fram að meðal þess sem veldur sameiginlegu einkennum hjá etnískum hópum sé samanburður við aðra etníska hópa og hvernig þeir eru öðruvísi. Hóparnir eru skilgreindir út frá hinum hópunum. Ef ættbálka hugtakið er notað er hætt við að umfjöllunin verði „fordómafyllri“, þá er auðveldara að aðgreina milli þeirra og okkar og oft túlkar fólk hugtakið ættbálkar sem hópur fólks sem er frumstæðara en það sjálf (Eriksen, 2002: 10).

Skilgreiningar á hugtakinu þjóðerni/etníc (e. ethnicity) eru fjöldamargar og þeim fer fjölgandi með tímanum og á íslenskri tungu er orðið þjóðerni notað bæði yfir ethnic og ethnicity. En þá er stóra spurningin, hvað er þjóð. Skilgreinir maður innflytjendur í ákveðnu landi sem eina þjóð eða eru það nokkrar þjóðir. Mannfræðingar geta lennt í ákveðnu vandamáli við rannsóknir sínar, hvernig þeir takmarka ákveðna hópa. Eriksen kemur með dæmi um rannsókn sem Michael Moerman gerði í Tælandi um Lue ættbálk þar. Eftir að hafa skilgreint menningu, tungumál og fleira sem oft er einblínt á, komst hann að því að það passaði ekki um allann hópinn. Ef hann spurði Leue einstakling hvað væri einkennandi fyrir þá nefndu þeir oftast en ekki eitthvað menningartengt og eitthvað sem tengdist öðrum hóp í nágrenninu. Lue fólkið hafði enga sér menningu eða tungumál og spurning var hvort það átti að skilgreina hópinn sem stakan etnískan hóp eða ekki. Að lokum komst Moerman að þeirri niðurstöðu að best væri að útskýra þetta sem þeirra eigin flokkunarkerfi (emic category of ascription). Það má segja að menningarlegur munur milli tveggja hópa er ekki úrslitavaldur þjóðernis. Tveir aðskildir hópar í ákveðnu landi þurfa að eiga í einhverjum samskiptum til að etínsk tengsl séu á milli þeirra. Hóparnir þurfa líka að hafa hugmynd um menningarlegan mismun þar á milli. Því þjóðerni er í raun partur af sambandi en ekki einka eign einhvers hóps (Eriksen, 2002;12) Frederik Barth kom með útskýringu á etnískum hópum sem Barth segir að sé almennt notuð í mannfræðilegum ritum (Barth, 1996; 75). Samkvæmt Barth eru etnískir hópar, hópur fólks sem er að mestu leyti líffræðilega sjálfvarðveitandi, eiga sameiginlega grundvallar menningarleg gildi, eiga í samskiptum og samvinnu og að lokum tilheyra ákveðnum hóp sem er flokkaður frá öðrum svipuðum hópum. Þessi útskýring á etnískum hópum er að hans mati ekki langt frá þeim kenningum um að hver kynstofn hafi eigin menningu og tungumál og að samfélag sé ein heild sem afneitar eða er með fordóma gegn öðrum samfélögum. Hann tekur samt fram að þessi útskýring kemur í veg fyrir að við skiljum það fyrirbæri sem etniskurhópur er í raun. Samkvæmt honum gefur þessi skilgreining í skyn fyrirfram ákveðna skoðun á til dæmis uppbyggingu og tilgangi hvers hóps útaf fyrir sig (Barth,1996; 75-76).

Augljós mynd menningar er oft hægt að skilgreina sem sýnilegur eiginleiki með áhrifum frá vistfræði. Með því á Barth við að sami etniski hópurinn sem er dreifður yfir stórt svæði hljóti að sýna svæðisbundin margbreytileika þegar kemur að hegðun. Vistfræðileg staðsetning etnískra hópa getur haft áhrif á hegðun þeirra á þann hátt að ef til dæmis einstaklingur frá etnískum hóp sem býr í fjöllum getur litið svo á að annar einstaklingur, sem tilheyrir sama etníska hóp en býr á graslandi sé í raun ekki partur af hópnum. Etnískur hópur

sem er dreifður yfir stórt landsvæði hlýtur að taka mismunandi ákvarðanir eftir staðsetningu sem hafa ekkert með mismunandi menningu að gera (Barth, 1996; 77).

Menning er hugtak sem getur haft margar merkingar en Metcalf telur almenna merkingu orðsins vera eitthvað sem barn lærir af jafnöldrum eða eldri einstaklingum á meðan það eldist og þroskast. Þessi túlkun telur ekki með líffræðilega eiginleika og er, samkvæmt Metcalf, frekar breið túlkun á orðinu (Metcalf, 2005; 2). Wikan (1999) heldur því hinsvegar fram að í nútíma samfélagi sé hugtakið menning orðið að einhverju pólitísku og innantómu. Wikan heldur því einnig fram að menning sé nýtt hugtak um kynþætti að því leyti að hugtakið gerir „þau ” minna mannleg en „okkur”. Við lítum á „okkur ” sem hugsandi og vitrænar mannverur en við lítum á „þau ” sem verur fastar í vef eigin menningarheims og neydd til að gera eins og menning þeirra segir til um (Wikan, 1999; 57-58).

Hugmyndafræði þjóðernishyggjunnar gengur út á að hverju landi tilheyri ein þjóð með sameiginlegt tungumál, eina menningu og afmörkuð landamæri. Þessar hugmyndir ganga ekki í nútíma samfélagi og mörg samfélög hafa tekið upp það sem kallast fjölmeningu. Það þýðir að menningarleg margbreytni er viðurkennd og öllum íbúum landsins sé tryggð borgaraleg réttindi sama hver þjóðernislegur uppruni þeirra er. Fjölmening getur líka komið í veg fyrir aðskilnað hjá ólíkum þjóðernishópum og tryggt að allir hópar hafi rödd. Það má segja að fjölmening hafi ekki verið ofarlega á forgangslista hjá upphafsmönnum aðskilnaðarstefnunar eins og sjá má seinna í ritgerðinni (Unnur Dís Skaptadóttir, 2006; 13).

1.2. Félagslegur Darwinismi

Á miðöldum skipti fólkið heiminum frá því góða niður í það slæma. Guð og englar voru efstir, síðan komu menn og svo apar og svo koll af kalli. Þetta kölluðu mennirnir stóra lífskeðjan (e. great chain of being). Þetta hugtak var notað allt fram á átjándu öld og fannst fólkinu lítið athugasvert við þessa skiptingu. Lamarck taldi að hægt væri að þróa með sér eiginleika sem seinna væri hægt að láta ganga í erfðir til næstu kynslóðar. Darwin var hinsvegar á móti þessum kenningum Lamarck og taldi Darwin að við gætum aðeins látið genalegan eiginleika ganga í erfðir til næstu kynslóðar. Þegar kenningar Darwins urðu þekktari fóru þær að verða meira áberandi innan vestrænnar hugmyndafræði á þessum tíma (Barnard, 2000; 27-29).

Ef saga nítjándu og tuttugustu aldarinnar er skoðuð má sjá mörg dæmi þar sem ákveðnir kynþættir voru kúgaðir af ríkisstjórnnum í sínu landi. Samfélög heimsins á þessum

tíma hugsuðu upp og samþykktu stefnur sem leyfðu gífurlegan mismun, þessar stefnur leyfðu allt frá lagskiptingu samfélagsins og úthlutun auðlinda byggða á kynþætti, til kerfis byggt á þrælahaldi og herferðum sem orsökuðu þjóðarmorð í sumum tilfellum (Dafler, 2005:137). Þekktustu dæmin um þetta eru án efa þrælahald afrikubúa á 17. til 19. aldar, þjóðarmorð frumbyggja Bandaríkjanna, helför gyðinga og aðskilnaðarstefnan í Bandaríkjunum og Suður Afríku (Dafler, 2005:137).

Hápunktur heimsvaldastefnunnar tengist án efa kapphlaupinu um Afríku. Á árunum 1884-1885 kepptust valdamestu löndin innan Evrópu um nýlendurnar í Afríku. Afríku var síðan skipt upp eftir hentisemi evrópsku konungsdæmana en ekki var hugsað út í landamæri etnískra hópa og frumbyggja álfunar. Evrópubúar litu á það sem tilgang sinn að ráða yfir óæðri kynstofnum, þetta var hin fullmótaði kenningarammi heimsvaldastefnunar (Meatcalf, 2005; 79). Með komu iðnbyltingarinnar á nítjándu öld gafst tækifæri til að byggja upp heimsveldi meðal annars í Evrópu og heimsveldunum gafst tækifæri til að eigna sér og stjórna þeim auðlindum heimsins sem nauðsynlegar voru vexti heimsveldisins. Hugmyndir um lénsveldi með tilheyrandi vernd, föstum viðskiptum og guðdómlegum rétti voru úreltar. Í staðin komu ný hugtök sem innihéldu frjálsan vilja, keppnisskap og vald byggt á auðlindum (Dafler, 2005: 142).

Þessar hugmyndir komu saman í heildarhugmynd sem kalla má félagslegan Darwinisma. Líffræðilegar kenningar Darwins voru meðal annars notaðar til að réttlæta þær stefnur varðandi kúgunina sem nýlendustjórnvöld beittu í nýlendunum. Það er umdeilanlegt hversu mikið af eigin kenningum Darwin taldi að væri hægt að nota um menn en kenningar hans um “survival of the fittest” voru ásamt félagslegum kenningum Lamarck, Spencer og Jean-Baptiste til að flokka mannfólk upp í þróunarskala. Evrópubúar á þessum tíma litu svo á að það mætti skipta ólíkum kynþáttum í þróunarskalann og að sjálfsögðu litu þeir svo á að hvíti maðurinn væri efstur á þessum skala. Þeir kynþættir sem höfðu menningu sem var hvað ólíkust menningu evrópubúa, lenntu neðst á þessum þróunarskala. Hugtakið þjóðhverfur hugsanaháttur merkir þegar einstaklingur eða hópur snýr baki við nýrri menningu og kýs frekar að halda sig við eigin menningu innan eigin etnísks hóps. Þessi hópur kýs að líta á heiminn út frá eigin menningu og síðum Vandamálið er að þjóðhverfur hugsanaháttu getur auðveldlega orðið að þjóðarrembu (e. chauvinism) og þá trúir fólk að allt sem tengist eigin menningu sé satt og rétt en allir aðrir menningarhópar lifi í villu. Félagslegur Darwinismi var ekki endilega ríkjandi í hugmyndafræði nítjándu aldar en hugmyndafræðin var mikilvægt

mælskufræðilegt tól þegar kom að menningarlegri abstraktmynd (Dafler, 2005: 139,142; Meatcalf, 2005; 2,6; Barnard og Spencer, 2007; 604).

Vegna þess hve félagslegur Darwinismi er og margræðin er hægt að laga hann að mörgum lýsandi og fyrirskipandi hlutverkum. Hægt er að nota félagslegan Darwinisma sem grunn þeirra stefnumála hannaðra til að efla einn kynstofn eða koma í veg fyrir þróun annars kynstofns (Dafler, 2005: 143). Þetta tvíeðli félagslegs Darwinisma má sjá í nýlendustefnum nítjándu aldar. Þegar evrópuríkin fóru að nema land í til dæmis Afríku komust landnemarnir í kynni við alls kyns ólíka menningarhópa sem þeir töldu að væru óæðri evrópskri menningu. Félagsslegur Darwinismi og táknræn undirstöðuatriði hans gáfu landnemunum þann kenningarlega bakgrunn sem þeir notuðu seinna meir til að þróa kenningar og stefnur sem notaðar voru til undirokunar, arðráns og í sumum tilfellum fjöldamorðs innfæddra í nýlendunum. Orð eins og villimaður fól í sér merkingu í anda félagslegs Darwinisma þar sem infæddum var líkt við dýr þróunarlega séð. Evrópubúar litu einnig svo á að þeir væru aðeins að fylgja örlögum sínum, sem voru að ráða yfir óæðri frumbyggjum sem bjuggu í nýlendunum (Dafler, 2005: 143). Dafler vitnar í Frederick Courtney Selous, breskan landnema, sem átti þátt í stofnsetningu Ródesíu til að staðfesta mál sitt. Selous sagði meðal annars að Ródesía væri dæmd til að vera undir yfirráðum hvíta mannsins og að svarti maðurinn þyrfti annað hvort að yfirgefa svæðið, laga sig að lögum og reglum hvíta mannsins, eða deyja við að streitast á móti þeim. Þetta væru hörð örlög en þau væri ekki hægt að flýja. Breskir landnemar væru aðeins að framfylgja fyrirfram ákveðnum lögum sem hefðu verið í gildi frá upphafi jarðar, ósveigjanlegum lögum sem Darwin kallaði „*survival of the fittest*”. Tengingar við Darwin í öðrum textum frá þessum tíma eru kannski ekki eins augljósar en það má samt sjá tákn um líffræðilegar vangaveltur hans í hugsanarhætti og málfari sem var ríkjandi í Evrópu á þessum tíma (Dafler, 2005: 143-144).

1.3. Mannfræði og kynþáttafordómar

Mannfræðingar hafa skrifað ýmislegt varðandi kynþætti (e. race) en skrif þeirra um kynþáttafordóma hafa ekki verið eins áberandi. Mullings (2005) vill meina að það sé hugsanlega vegna mótsagnakenndrar arfleiddar fræðarinnar. Mannfræðin átti sinn þátt í að samþykkja þá fordóma og fordómafullu heimssýn sem réttlætu til dæmis þrælahað, nýlendustefnuna, aðskilnað og mannbætur. En mannfræðin átti líka sinn hlut í þeirri baráttu gegn kynþáttafordómum sem hófst á árunum eftir seinni heimstyrjöldina (Mullings, 2005; 669).

Mannfræðingar á borð við Franz Boas, Ruth Benedict og fleiri börðust gegn þeirri vísindalegu réttlætingu sem notuð var innan hersins til að réttlæta aðskilnað á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar. Aðrir minna þekktir mannfræðingar einbeittu sér að uppbyggingu kynþáttafordóma innan Bandaríkjanna á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar. Þrátt fyrir þetta, eins og Mullings bendir á, voru kynþáttafordómar ekki ofarlega á forgangslista innan mannfræðirannsókna (Mullings, 2005; 670). Mullings kemur með nokkrar ástæður fyrir því, Mullings heldur því meðal annars fram að mannfræðingar geti ekki verið sammála um hvort að umræðan kynþáttafordómar og kynþættir eigi heima innan fræðigreinarinnar eða innan samfélagsins almennt. Þrátt fyrir það nota margir líffræðilegir mannfræðingar kynþætti þegar þeir eru að safna gögnum og greina þau. Margir menningarlegir mannfræðingar reyna að forðast það að tengjast hugtakinu kynþáttafordómar og líta þeir margir á að hugtakið sé í raun eitthvað sem samfélagið hefur skapað. Mullings telur að sú hefð mannfræðinga að skoða etníska hópa fremur en kynþáttafordóma sé önnur ástæða fyrir því afhverju mannfræðin hefur ekki skipt sér mikið af kynþáttafordómum (Mullings, 2005; 670).

Franz Boas og margir nemendur hans litu á kynþáttafordóma sem fáfræði frekar en undirstöðu atriði í félagslegri uppbyggingu. Boas og fylgismenn hans vildu dreifa boðskap gegn kynþáttafordómum með því að mennta hvítt fólk frekar en að ræða undirliggjandi sögulegan bakgrunn og þá formgerð sem bjó til og viðhélt kynþáttafordómum. Sagnfræðingar eru flestir sammála því að kynþáttafordómar séu meðal annars tengdir uppbyggingu þjóðríkja á flókinn hátt og séu oft tengdir fyrri átökum innan ríkisins (Mullings, 2005; 670).

Í dag eru kynþáttafordómar oft tengdir við uppbyggingu þjóðríkja og löngun eftir sameiginlegri þjóðarstyrkingu. Þrátt fyrir að kynþáttafordómar þekkjast úti um allan heim byggjast þeir flestir að einhverju leyti á gömlum vestrænum hugmyndum um vísindalega kynþáttafordóma, en þeir byggjast á því að flokka mannfólk upp í flokka og mismunandi stéttir. Hinir vísindalegu kynþáttafordómar sem tíðkuðust í vestrænum hugsanahætti höfðu oftast en ekki áhrif á kynþáttafordóma í öðrum heimshlutum (Mullings, 2005; 672).

Eftir seinni heimstyrjöld breyttist orðræðan um kynþáttafordóma mikið í heiminum. Barátta gegn kynþáttafordómum jókst um allan heim ásamt því að breytingar urðu á sýn heimsins varðandi kynþáttafordóma. Þessi nýja heimssýn kom eftir að gömlu evrópsku nýlenduríkin féllu og passaði nýja heimsýnin ekki við gamlar og grófar kenningar um kynþáttafordóma. Á sama tíma litu Bandaríkin á sig sem leiðandi afl þegar að koma að frelsi og réttindum einstaklingsins og leituðust þau eftir að innlima fyrrum nýlenduríkin inn í kapítalískt samfélag. Það gleymist samt oft að nefna þau áhrif sem alþjóðlegar hreyfingar

gegn aðskilnaðarstefnu og hreyfingar svartra gegn nýlendustefnu höfðu á þessar breytingar innan orðræðu um kynþáttafordóma (Mullings, 2005; 674).

2. Saga Suður Afríku

2.1. Landnám

Árið 1652 kom Jan van Riebeeck ásamt mönnum sínum til Suður Afríku. Landið var mjög hentugt í siglingu hollendinga til Asíu, vestur vindarnir auðvelduðu siglingaleið til Indlands og suð-austur vindarnir auðvelduðu leiðina tilbaka. Í upphafi átti aðeins að vera hollensk skipamiðstöð í landinu. Mat, vatn og eldivið átti að fá hjá Khoikhoi fólkinu sem bjó í Table Bay en eftir eftir nokkur ár varð nokkuð ljóst að Khoikhoi fólkíð var ekki tilbúið í þessa samvinnu og ákváðu hollendingar að skipamiðstöðinni yrði að breyta í nýlendu. Landnemarnir þurftu landsvæði og land Khoikhoi fólksins þótti tilvalið, eftir nokkra bardaga tókst ætlunarverk hollendinga og eftir það áttu þeir aðeins í viðskiptum við Khoikhoi fólkíð þegar þá vantaði búfé (Ross, 1999; 21-22).

Árið 1876 fundust demantar við Vaal ána, þá upphófst námuiðnaðurinn sem var mikilvægur fyrir Suður afrískt hagkerfi næstu aldirnar. Gull hefur líka verið aðal málið fyrir Suður afrískt hagkerfi og er enn þann dag mikilvægt fyrir alþjóða efnahagskerfið. Gull fannst í Suður Afríku um miðjan níunda áratug átjándu aldar. Þessar námur kröfðust mikils vinnuafls og á áttunda áratug átjándu aldar voru fleiri en 50.000 menn af afrískum uppruna sem sóttu um vinnu í námubænum Kimberley enda næg vinna í boði hvort sem það var í námunum sjálfum eða ófaglærð vinna í tengslum við lestarakerfið sem sá um flutning auðlinda úr sveit niður að sjó. Smátt og smátt varð Kimberley stærsta landnámsvæði Suður Afríku og framleyddi yfir 80% af útflutningi landsins (Ross, 1999; 54-55, 64). Upphaflega var hægt að kaupa smá hluta í námunum og vinna sjálfstætt þar en menn eins og Cecil John Rhodes ályktuðu að námurnar yrðu hagkvæmari ef þær væru allar undir sömu stjórn en það varð ekki fyrr en árið 1889 sem fyrirtæki Rhodes, De Beers Consolidated Mines, eignaðist einkarétt á greftri í öllum námunum á Kimberley svæðinu (Ross, 1999; 56).

Hvítir verkamenn á þessum tíma voru í minnihluta en höfðu pólitísk völd, þeir gátu því krafist hærri launa. Svartur meirihluti verkamanna hafði ekki þessi sömu pólitísku völd og vegna mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli og lélegra launa sem í boði voru þurfti að sigrast á þeim og meina þeim aðgangi að einhverskonar mikilvægum stjórnámálalegum og stéttarfélaglegum tengslum (Marks og Trapido, 1989: 3 og Ross, 1999;54). Frá upphafi var

Suður afrískur námuiðnaður byggður á farandverkamönnum. Fjölskyldur verkamannana voru eftir á þeim landsbyggðarsvæðum sem svartir máttu dvelja á, seinna urðu þessi svæði þekkt sem friðlönd. Launin voru hrikalega lág og dugðu skammt til að halda uppi fjölskyldum, þess vegna var kostnaður við upphald námumanna og fjölskyldumeðlima þeirra niðurgreiddur með landbúnaðarverkefnum á friðsvæðunum. Námumennirnir bjuggu í búðum sem gerði yfirmönnum auðveldara að halda kostnaði í lágmarki, fylgjast með og koma í veg fyrir brotthlaup. Þessar búðir voru einnig settar á stofn til að koma í veg fyrir demantastuld fátækra verkamannana, en mennirnir máttu aðeins yfirgefa þessar búðir til að fara í vinnuna. Með þessu móti gátu yfirmenn einnig passað upp á það að verkamennirnir færu ekki að vinna fyrir aðra sem byðu hærri laun og hægt var að halda launakostnaði í algjöru lágmarki. Þessi sigur og stjórn yfir vinnuaflinu leiddi af sér sérstaka mynd kynþáttafordóma bæði innan félagslegs skilnings og efnahagslegs skilnings (Marks og Trapido, 1989: 3 og Ross, 1999; 56). Þróun námuiðnaðarins sameinaði verkamenn innan ólíkra héraða landsins þrátt fyrir aukin mismun á réttindum svartra og hvíttra vinnumanna. Vegna minnkandi hlutfalls svartra vinnumanna í Natal héraði var brugðið á það ráð að flytja inn fleiri vinnumenn frá Indlandi til að vinna á sykurbýlunum. Námuiðnaðurinn varð einnig til þess að uppbygging lestarkerfis í landinu blómstraði og kaupsýsla landsins sameinaðist smátt og smátt. Í fyrsta sinn var landið á góðri leið með að verða ein hagræn heild (Ross, 1999; 57)

Á sama tíma einkenndist pólitísk stefna landsins af ítrekuðum tilraunum þáverandi ritara bresku nýlendubúana, Carnavorn lávarði, til að koma á ríkjabandalagi milli nokkura nýlendna innan Suður Afríku. Carnavorn var neyddur í þessar tilraunir meðal annars vegna algengra landamæradeilna milli nýlendna, þá einkum milli breta og íbúa Orange Free State um eignarrétt á demantanámunum á Kimberley svæðinu. Hugmyndir um ríkjabandalag voru einnig settar framm vegna þess að ríkjabandalag var talið auka öryggi þeirra sem vildu fjárfesta í landinu, auðvelda leit að vinnuafli og hjálpa til við að siðfága Suður Afríku. Þessi plön gengu ekki upp aðallega vegna þess að yfirmenn í Orange Free State voru ekki tilbúnir að láta frelsi sitt af hendi og margir stjórnámamenn innan Cape nýlendunnar trúðu að þeir myndu aðeins tapa á þessu fyrirkomulagi (Ross, 1999; 57-59).

Bretar héldu áfram tilraunum til að koma á ríkjambandi en það gekk ekki upp. Á árunum í kringum 1880 var flestum nýlendunum safnað saman undir eina stjórn. Nýlendustefnan var því ríkjandi í landinu þrátt fyrir að hún væri ekki alveg eins og bretar höfðu hugsað sér (Ross, 1999; 57-64).

Paul Krueger hafði setið sem forseti Suður afríska Lýðveldisins frá því lýðveldið fékk

sjálfstæði árið 1881 en vegna sífeldra ágreiningsmála við Bretland ákvað ríkisstjórn hans að fara í stríð árið 1899, Búastríðið. Áður en stríðið hófst voru um það bil 300.000 hvítir íbúar innan lýðveldisins en þegar stríðinu lauk er áætlað að 1/10 hefði látið lífið. Búastríðinu lauk svo árið 1902 með sigri Bresku krúnunnar og var stjórnarnefndarmaður á vegum bresku krúnunnar með endanlegt vald þegar að kom að málefnum landsins. Undir stjórn Bretlands höfðu svartir íbúar meiri réttindi en áður, þeir máttu til dæmis kaupa eigin landsvæði. Eftirstriðsárunum fylgdu mun meiri tækifæri en áður fyrir svarta íbúa landsins að komast hjá því að vinna fyrir hvítt fólk. Þetta hafði áhrif á vinnumarkaðinn og olli meðal annars skorti á vinnuafli í námunum, þrátt fyrir að hægt væri að ráða hvíta ólærða menn til vinnu þá kröfðust þeir hærri launa en svartur einstaklingur hafði rétt á. Yfirmenn í námunum brugðu á það ráð að flytja inn verkamenn frá Kína. Yfirmenn þurftu einnig að semja sérstaklega við hvíta menn í námunum og varð það svo að allar yfirmannsstöður voru teknar frá fyrir hvíta menn, erfiðisvinnan var svo í höndum ólærðra svartra eða kínverskra manna. Þessi skipting var grundvöllur fyrir framtíðar reglugerðum um vinnuönguleikum byggðum á litarhætti (Ross, 1999; 68-78).

Koma kínversku verkamannana uppskar mikinn mótbyr frá búunum og leiddi mjög líklega til aukins vinsældar stjórnsmálaflokks Louis Botha og Jan Smut. Flokkurinn þeirra, Het Volk, bar sigur úr býtum í kosningum innan Transvaal árið 1907 og má segja að sá sigur hafi gert endanlega út um heimsvaldastefnu Breta.

Árið 1910 var landið svo sameinað í Suður Afríska Ríkjasambandið, og Louis Botha varð forsætisráðherra. Ríkjasambandinu fylgdi sérstakt form kynþáttabundins kapítalisma, en með því er átt við, til að mynda að efnahagur landsins var að stórum hluta byggður upp og þróaður með alls kyns stefnum og lögum byggðum á kynþáttafordómum (Marks og Trapido, 1989: 3 og Natrass, 1991; 654).

Nýlega sigruð afrísk ríki voru við hliðina á byggðum landnema. Í fyrstu voru þau kölluð friðarlönd og með tímanum urðu þau til að þróa bantustan stefnur ríkisstjórnarinnar. Natal héraðið átti þátt í að koma með mörg þau fordæmi sem seinna meir máttu sjá aðskilnaðarstefnu tuttugustu aldarinnar, svo sem úthlutun landsvæðiðs fyrir svartan meirihluta eða þær tilraunir til að reyna að koma í veg fyrir stórtæka þéttbýlisþróun infæddra, en það var gert með kerfi sem krafði verkamenn til að skrá sig (e. labour registration). Ríkið taldi mikilvægast að halda svörtum meirihluta fyrir utan allar pólitískar ákvarðanir, ríkið setti einnig á reglugerðir sem ákvarðaði hvar fólk fékk að búa og reglur um farandverkamenn svo fátt sé nefnt (Marks og Trapido, 1989; 4-5).

2.2. Afrísk þjóðernishyggja

Afrísk þjóðernishyggja á rætur sínar að rekja í hugmyndafræði níttjándu aldar og byggðist meðal annars á mótþróa gegn heimsvaldastefnu Breta. Borgarastríðið í Suður Afríku á árunum 1899-1902 hafði líka sín áhrif. Há dánartíðni barna og kvenna úr hópum landnema í stríðinu og minnkandi fylgi Repúblikana flokksins, ýttu undir þjóðernishyggjuna. Á þriðja áratugnum var einn af hverjum fimm hvítum Suður Afríkubúa skilgreindur sem fátækur. Án menntunar og í sumum tilfellum ólæsir eða óskrifandi börðust þessir hvítu Suður Afríkubúar um vinnu við enskumælandi einstaklinga sem fengu vel borgað eða illa launaða svarta Suður Afríkubúa. Hvítir kennarar, lögfræðingar og fréttamenn voru á meðal þeirra sem fannst nóg komið af óréttlætinu og voru fremstir í flokki þeirra sem skilgreindu sig sem þjóðernissinnaðir Suður Afríkubúar snemma á síðustu öld. Þessir hópar voru einnig ósáttir við nýtt kosningafyrirkomulag, áður höfðu aðeins hvítir karlmenn á vissum aldri kosningarétt en í Cape héraðinu var kosningaréttur tendgur hagfræðilegum skilyrðum. Samkvæmt þessum skilyrðum höfðu meirihluti hvítra karlmanna á svæðinu kosningarétt og einnig lítið hlutfall einstaklinga af afrískum uppruna. Þrátt fyrir þetta fengu þessir svörtu einstaklingar ekki allir að nýta sinn kosningarétt en alls kyns skilyrði fylgdu kosningaréttinum svo sem að aðeins einn landeigandi mátti notafæra sér réttinn en þá dattu út þeir einstaklingar sem bjuggu á sameiginlegum landsvæðum. Á fjórða áratugnum hófst þessi hópur handa við að virkja þennan ómenntaða hóp með alls kyns hagfræðilegum, menningarlegum og stjórnmálafræðilegum stofnunum. Þessar stofnanir voru reknar með því hugarfari að hvítir Suður Afríkubúar væru á hin útvalda þjóð og voru á móti bæði bresku heimsvaldastefnunni og alþjóðlegum kommúnisma. Tungumálinu, menningunni og ríkinu sjálfu var ógnað af kommúnisma og kapítalisma, eða þeirri hugmynd að kapítalísku kerfi landsins væri stjórnað af einhverjum utanaðkomandi. Þessi hópur komst að þeirri niðurstöðu að aðeins með algjörrri stjórn gæti ríkisstjórnin komist yfir það sem var réttilega þeirra. Með slagorðinu “apartheid” eða aðskilnaðarstefna vann þessi hópur naumlega í kosningum árið 1948 undir nafninu Þjóðernisflokkurinn (e. National Party) (Marks og Trapido, 1989; 6-7 og Ross, 1999; 81-82).

2.3. Upphaf aðskilnaðar

Fyrstu dæmin um aðskilnað innan Suður Afríku voru reglugerðir varðandi búsetu svartra einstaklinga og kallaðist Land Act. Þessi lög skiptu landinu upp í tvær einingar, svæði

fyrir svarta íbúa og svæði fyrir hvíta íbúa. Hvítir íbúar höfðu um það bil 87% landsins þar sem þeir máttu búa eða kaupa land, svartir íbúar höfðu aðeins 13% landsvæðis til að velja sér búsetu (Ross, 1999; 88).

Allt frá því á miðri nítjándu öld höfðu svartir íbúar Suður Afríku flutt til stór u borganna í leit af vinnu. Í borgum eins og Durban og Port Elizabeth voru frá upphafi sérstök hverfi fyrir þetta fólk en í til dæmis Cape Town dreifði svarta fólkið sér um fátækari svæði borgarinnar. Það var ekki fyrr en ýmsir sjúkdómar fóru að geisa um svæðið og hvíta fólkið taldi þá tengjast svarta fólkinu að þeim var gert að flytjast í sérstök hverfi sem voru ekki nálægt hverfum hvíttra. Þessi fátækrahverfi voru gróðrarstía fyrir sjúkdóma á borð við berkla en sjúkdómarnir smituðust nánast ekkert út fyrir þessi hverfi og þóttu ekki mikið vandamál meðal hvíttra íbúa. Árið 1923 setti ríkisstjórnina löggjöf varðandi þéttbýlisbúsetu frumbyggja (e natives urban area act) en þessi löggjöf sameinaði mismunandi búsetulöggjafir sem voru í héruðum landsins. Þessi löggjöf átti líka að auðvelda það verk að útrýma fátæktrahverfunum sem höfðu myndast við stórborgirnar. Það var hægara sagt en gert að útrýma fátæktrahverfunum enda þurfti að sjá til þess að húsnæði væri til fyrir allt fólkið sem bjó þar (Ross, 1999; 97-100).

Árið 1919 dó Louis Botha og Jan Smuts tók við leiðtogastólnum. Ríkisstjórn Smuts setti seinna meir fram allar helstu aðskilnaðarstefnurnar, meðal annars Natives Urban Areas Act frá 1923. Natives Urban Areas Act á grunn sinn að rekja í forvera vegabréfslagana sem komu árið 1952, fyrri lögin voru frá árinu 1922 og gengu út á það að svartir einstaklingar máttu aðeins fara inn á búsetusvæði ætluð hvítu fólki til að þjóna þörfum hvíta mannsins (Frankel, 1979; 200-201 og Ross, 1999; 103-105).

Í kjölfarið af uppreisnum tengdum námuiðnaðinum tapaði Suður Afríski Flokkurinn í kosningunum árið 1924 fyrir sameinuðum flokki þjóðernisinnar og verkalýðsinnar, National Party eða Þjóðernisflokkurinn. Þessi ríkisstjórn leit svo á að megin tilgangur hennar væri að passa upp á þau siðgæði sem hvítir verkamenn töldu sig hafa rétt á, siðgæði að evrópskum mælikvarða. Ríkisstjórnin vildi líka sameina fulltrúa hvítu verkamannanna og þá sem báru hag svartra fyrir brjósti. Ríkisstjórnin sagði að með þjóðernislegum stefnum myndi efnislegt ástandi íbúa verða jákvæðara og þannig myndi hin hvíta Suður Afríska þjóð fæðast (Ross, 1999; 103-105).

Hrunið mikla á verðbréfamarkaðinum árið 1929 hafði gífurleg áhrif um allan heim, íbúar Suður Afríku fundu einnig fyrir áhrifunum í fyrstu en þegar Bretar og Bandaríkjamenn hófu að reyna að lagfæra ástandið heima fyrir með gengisfellingu jókst markaðsverð á gulli.

Gullframleiðsla innan Suður Afríku jókst og olli mikilli uppsveiflu sem varði í nokkra áratugi. Seinni heimstyrjöldin hafði líka góð áhrif á Suður Afrískan efnahag en landið var vel staðsett fyrir skip bandamanna (Ross, 1999; 106).

Svo virðist sem að ríkisstjórn Suður Afríku hafi verið á báðum áttum þegar kom að málefnum litaðra einstaklinga innan landsins en litaðir einstaklingar voru þeir sem áttu blandaða forferður, hvort sem það voru hvítir, svartir eða asískir. Á fyrsta áratug síðustu aldar varaði þáverandi stjórnarnefndarmaður, Selborne lávarður, við hættuni sem fylgdi því að reka sómasamlegt litað fólk í greipar svarta fólksins. Fleiri varnarorð við of nán tengsl svartra og litaðra heyrðust á næstu árum en lítið var gert í þeim málum. Eftir að Þjóðernisflokkurinn komst til valda árið 1948 fóru þeir að einbeita sér meira af málefnum litaðra (Marks og Trapido, 1989; 9). Þessi ríkisstjórn sat í 45 ár og 11 mánuði (Ross, 1999; 114).

2.4 Stefnan

Nýja ríkisstjórnin hóf samt ekki strax að setja reglurnar sem í dag eru tengdar við aðskilnaðarstefnuna. Á þessum tíma var aðskilnaðarstefnan túlkuð mismunandi eftir því hvern var talað við. Hvítir bændur höfðu til dæmis mestar áhyggjur af þéttbýlisþróun og vinnuafli tapinu sem myndi fylgja því, en svartir vinnumenn höfðu áhyggjur af samkeppni á vinnumarkaðinum. Nýja ríkisstjórnin setti það í forgang að ná yfirráðum yfir þinginu. Þetta gerði hún meðal annars með því að taka yfir öll þingsætin sem Suð-Vestur Afríka (í dag heitir landið Namibía) og útiloka kosningarétt litaðra einstaklinga. Með þessu gat flokkurinn komið í veg fyrir að einhver annar flokkur færi í mótframboð gegn honum. Það var ekki fyrr en leið á sjötta áratugin, í forsætisráðherra-tíð Verwoerd, að samloðandi stefnur um aðskilnað voru settar í landinu (Marks og Trapido, 1989; 6-7).

Útþensla innan iðnaðargeirans og stefnur Þjóðernisflokksins urðu til þess að upphefja hvíta milli- og verkamannastétt landsins og á árunum 1946-1973 jukust fjárfestingar almennings tífalt og héldu áfram að rísa eftir það. Hagkerfi Suður Afríku varð meira og meira eign ríkisins eða undir ríkisstjórn. Á árunum 1951-1970 breyttist hagur hvítra verkamanna til muna. Árið 1951 var ennþá eiginleg verkamannastétt hvítra og um það bil 38% hvítra manna unnu í verksmiðjum, í byggingarvinnu, útkeyrslu eða í námunum. Árið 1970 hinsvegar voru um það bil 38% hvítra manna í yfirmannastöðu að einhverju tagi, um 30% voru í hvítflippastöðu og 60% allra hvítra námsmanna fékk inngöngu í háskóla. Fyrir þessum hópum var stjórn á svörtum meirihluta grundvallarástæðan fyrir velgengninni. Tengslin milli laganna

sem höfðu áhrif á daglegt líf svartra íbúa voru hert á sjötta áratugnum af Þjóðernisflokknum, refsingar fyrir að brjóta vegabréfslögin voru hertar, útilokanir á vinnumarkaðnum út frá litarhætti voru einnig hertar, en þessar útilokanir fólu í sér að bestu störfin voru tekin frá fyrir hvítt fólk. Allt þetta var gert til að halda svörtum meirihluta innan lágláunahóps og til að skerða það vald sem þeir gætu haft. Svartir íbúar höfðu leyfi til að stofna stéttarfélög en ekki var tekið mark á þeim þegar samið var um laun og var það lögbrot að fara í verkfall (Marks og Trapido, 1989; 7-8).

Samkvæmt hugmyndafræði byggð á þjóðernishyggju og öðrum etnískum hugmyndum þurfa félagsleg og menningarleg mörk milli hópa að vera skýr (Eriksen, 2002; 113). Hugmyndafræði National Party lagði áherslu á mikilvægi kynþáttar, litu flokksmenn svo á að hver og einn kynþáttur innan Suður Afríku væri heild sköpuð af Guði og litu flokksmenn svo á að það þyrfti að halda þessum heildum óblönduðum. Til þess að koma í veg fyrir blöndun setti ríkisstjórnin löggjöf sem varðaði skráningu fólksfjöldans í landinu eða the Population Registration Act árið 1950 en þar var fólkinu skipt upp í hópa eftir kynþætti. Árið 1949 var sett á löggjöf sem bannaði hjónaband milli einstaklinga af ólíkum kynþætti. Þessi lög áttu þátt í því að fjölskyldum var sundrað í sumum tilfellum og dæmi eru um að skyldmenni voru sett í sitthvorn kynþáttaflokkinn (Ross, 1999; 116).

Í gegnum tíðina höfðu íbúar landsins samlagast að einhverju leyti og var það hlutverk Dr Hendrik Verwoerd að stöðva þessa þróun sem ríkisstjónr Smuts hafði komið á og snúa henni tilbaka (Marks og Trapido, 1989; 7). Verwoerd komst ekki á þing í kosningunum árið 1948 en árið 1950 varð hann gerður að yfirmanni deildarinnar sem sá um málefni frumbyggja, eða frumbyggjamálaráðherra (e. Minister of Native Affairs). Hann kom á the Urban Labour Preference Policy, en þessi stefna gekk út á það að engin svartur einstaklingur mátti flytjast til borgarinnar í vinnuleit fyrir en allir aðrir svartir einstaklingar í borginni væru komnir með vinnu. Verwoerd setti líka reglugerðir sem gerðu honum, og öðrum ráðamönnum, kleift að stjórna ferðum svarta fólksins verulega. Árið 1952 komu lög sem kröfðust þess að allir svartir einstaklingar bæru á sér vegabréf. Hugmyndir af vegabréfslögunum má rekja alveg aftur á sautjándu öld en þá var svörtum íbúum landsins skyldað að ganga með skjöl sem staðfestu leyfi þeirra til að ferðast milli borgar og sveita. Vegabréfslögin sem sett voru á síðustu öld voru partur af verkfærum ríkisstjórnarinnar til að hafa hemil á svörtum íbúum landsins og stjórna hreyfingu þeirra ásamt því að koma í veg fyrir glæpi, of mikla þéttbýlisþróun og til að beina vinnuafli frá sveit í borg (Frankel, 1979; 200-201). Lögin sögðu til um að allir svartir einstaklinga, 16 ára og eldri, þyrftu að ganga um með þessi vegabréf og opinberir aðilar gátu

krafast þess að sjá vegabréf hvenær sem er. Engin svartur einstaklingur mátti vera inn á svæði hvítra manna lengur en 72 tíma í einu nema viðkomandi hefði þar til gerð leyfi, sérstakan vinnusamning eða viðkomandi hefði unnið sér inn þau réttindi samkvæmt Section 10 viðaukanum sem kom með Bantu Urban Areas Consolidation Act árið 1945. Til að falla undir section 10 regluna þurfti einstaklingur meðal annars að hafa búið innan þéttbýlis frá fæðingu, hafa unnið hjá sama vinnuveitanda í allavega tíu ár eða vera eiginkona, ógift dóttir einhvers sem hafði þessi réttindi. Drengir undir átján ára aldri höfðu einnig þessi réttindi í gegnum feður sína (Frankel, 1979; 202). Ef einstaklingur gat ekki framvísað vegabréfinu var hægt að handtaka viðkomandi (Frankel, 1979; 207).

2.5. Menntun

Viktorísk frjálshyggja (e. liberalism) og siðmenningaráráttan sem var í gildi á átjándu og níttjándu öld átti mikinn þátt í að þróa nýlendustefnur breta í Suður Afríku á níttjándu öld. Bretarnir trúðu því að það þyrfti að samlaga og “siðmennta” svarta íbúa landsins og að lokum breyta þeim í svarta evrópubúa. Þetta leið undir lok níttjándu aldar hinsvegar hvarf þetta hugarfar. Hugmyndir um siðmenntun svarta mannsins hurfu um leið og bölsýni í garð svarta mannsins jókst. Með Bantu Education kerfinu átti að koma í veg fyrir að ríkisstjórnin eyddi óþarfa peningum í menntun svartra því eins og Verwoerd, þáverandi frumbyggjamálaráðherra, sagði árið 1954 gerði skólaganga svatra ekkert nema að afvegaleiða þá með því að sýna þeim allt það góða sem fylgdi evrópsku samfélagi sem þeir höfðu svo ekki aðgang að (Appel, 1989; 545- 547).

Fyrir 1948 var menntun svartra aðallega í höndum kirkjunnar en ríkisstjórnin borgaði kennurum laun, og einhverjir möguleikar voru fyrir svart fólk að fara í háskólanám. Fort Hare var einn af fáum háskólum í boði fyrir svart fólk en vegna fátæktar var háskólanám ekki möguleiki fyrir stórann meirihluta. Menntun svartra var ekki forgangsmál hjá ríkisstjórninni og var lítið af peningum sett í hana (Ross, 1999; 121). Verwoerd átti frumkvæðið í þeirri stefnu sem varðaði menntun svartra íbúa landsins. Bantu education Act varð til þess að menntun svartra varð hluti af ábyrgðarstarfi ríkisins og í kjölfarið versnaði menntastefnan mikið. Áður en stefnan var sett var hlutfall læsra einstaklinga um það bil 80%, innan ákveðinna hluta landsins, en eftir að stefnan var sett á minnkaði hlutfallið mikið. Ráðamenn litu svo á að aðeins væri nauðsynlegt að mennta svart fólk í iðngreinum og grunnfögum (Appel, 1989).

3. Barátta gegn aðskilnaðarstefnu

Sú aðferð að sniðganga ákveðnar vörur í mótmælaskyni á rætur sínar að rekja til nítjándu aldar og baráttunnar gegn þrælahaldi sem var í gangi þá. Hreyfingar gegn aðskilnaðarstefnunni notuðu sniðgöngur á vörum (e. consumer boycott) til að koma málstað sínum á framfæri (Skinner, 2009: 399-400). Aðgerðir gegn aðskilnaðarstefnunni á alþjóðlegum grundvelli hefðu líklegast ekki þróast eins og þær gerðu ef það hefði ekki verið fyrir menn eins og Michael Scott, Trevor Huddleston og Ambrose Reeves. Þeir voru frumkvöðlar í þeim aðgerðum og spiluðu stórt hlutverk í uppbyggingu alþjóðlegs tengslanets milli samtaka gegn aðskilnaðarstefnu og hafði starf þeirra tvímælalaust áhrif á þróun baráttunnar (Skinner, 2009;406, 415).

Scott var prestur, hann kom til Suður Afríku árið 1943 í gegnum Biskupsdæmið í Jóhannesarborg. Hann tengdist snemma kommúnisma og tók þátt í baráttu indverskra íbúa landsins og lenti meðal annars í fangelsi vegna þess. Eftir fangelsisvistina hóf hann að einbeita sér að því að vekja athygli á stöðunni í landinu. Vegna þess að hann var prestur vöktu gjörðir hans mikla athygli og staða hans innan Sameinuðu Þjóðanna áttu þátt í því að gjörðir hans vöktu athygli á heimsvísu (Skinner, 2009; 401-402). Árið 1946 fór hópur formanna ANC til Sameinuðu Þjóðanna til að styðja baráttu Indlands gegn Ghetto Act og eftir það fylgdust Sameinuðu Þjóðirnar með þróun aðskilnaðarstefnunnar innan Suður Afríku og árið 1953 var skipuð nefnd sem hafði það hlutverk að fylgjast með kynþáttamálefni innan landsins. Lykilmenn innan ANC sáu svo um að senda nefndarmönnum bréf næstu árin með upplýsingum um ástandið í landinu. Þegar tækifæri til ferðalaga gafst fóru þessir lykilmenn ANC og vöktu athygli á ástandinu við háttsetta erlenda ráðamenn. Þeir voru sannfærðir að með alþjóðlegri aðstoð frá löndum á borð við Bandaríkin eða Bretland væri hægt að sannfæra ríkisstjórn Suður Afríku um að enda stefnuna (Gurney, 2000).

Innan Bretlands var litið á aðskilnaðarstefnuna illum augum, samtök stúdenta, ýmis kristin samtök og sístækkandi samfélag svartra innan Bretlands litu svo á að aðskilnaðarstefnan og allt sem hún stóð fyrir sem svívirðingu, brot á mannréttindarlögum og augljós mynd kynþáttafordóma. Málefni Afríku urðu smátt og smátt stærra mál innan breskra stjórn mála (Gurney, 2000:128). Ástæðan á bakvið stuðning kristinna aðgerðarsinna var sú hræðsla við að ef ekkert væri gert til að vekja athygli á vandamálum Afrískrar þjóðernishyggju myndi hún á endanum grafa undan kristinni trú í álfunni (Skinner, 2009:407).

Innan Bretlands tengdist baráttan gegn aðskilnaðarstefnunni kommúnistaflokknum meira og meira, kommúnistaflokkurinn studdi meðal annars sjálfstæðisbaráttu Afríkuríkja. Flokkurinn aðstoðaði líka ANC menn bæði með því að koma skilaboðum út úr landinu með stofnun neðanjarðar kommúnistaflokks innan landsins og með því að aðstoða þá ANC menn sem komu til Bretlands, til að fara á ráðstefnur en þeir voru oftast ekki vegabréfs og peningalausir (Gurney, 2000;132).

Upphaf hugmynda um alþjóðlegt kaupbann á vörum frá Suður Afríku var árið 1954, Trevor Huddleston var á meðal upphafsmannana. Á seinni hluta sjötta áratugarins var þessi sniðganga á vörum líklegast þær aðgerðir gegn aðskilnaðarstefnunni sem voru hvað mest í sviðsljósinu. Þetta var ekki tilviljunarkennd hugdatta hjá Huddleston heldur leitaði hann innblásturs til baráttunnar innan Suður Afríku en sams konar kaupbönn voru vinsæl þar í landi (Skinner, 2009:406,412).

Í byrjun árs 1959 hafði andstaða gegn aðskilnaðarstefnunni vaxið gífurlega á Bretlandi og þegar kom að fyrirhuguðu kaupbanni á Suður Afrískum vörum, svo sem tóbaki og ávöxtum, í júní sama ár var mikið um að vera. Skilti með lista yfir Suður Afrískar vörur voru hengd upp í ýmsum stórverslunum og á næstu vikum voru haldnir fundir og mótmæli víðs vegar um landið. Álíka átök voru í gangi í Suður Afríku og vildu stuðningsmenn koma af stað alþjóðlegri sniðgöngu á vörunum sem friðsamleg mótmæli gegn aðskilnaðarstefnunni. Stuðningsmennirnir voru einnig sammála um að það þyrfti stuðning frá Íhaldsflokknum en á meðan flokkurinn studdi baráttu gegn aðskilnaðarstefnu fór hann ekki svo langt að styðja kaupbannið. Flokkurinn hvatti hins vegar Breska kriketliðið til að neita að spila á móti því Suður Afríska á mótaráð árið 1960. Þetta átak varð til þess að tengja baráttusamtök innan Suður Afríku og Bretlands (Gurney, 2000:123,135, Skinner, 2009:413).

Árið 1953 samþykkti Suður Afríska ríkisstjórnin the Criminal Amendment Act, sem bannaði alla þáttöku í mótmælum eða stuðning við mótmæli. Undirfélög ANC héldu áfram að nota sniðgöngur sem mótmælataækni og hvöttu til kaupbanns á vörum frá fyrirtækjum sem borguðu fólki af afrískum uppruna ósanngjörn laun og neituðu að veita þeim rétta þjálfun fyrir vinnuna. Vegbréflögin svokölluðu (e. pass laws) voru hönnuð til að stjórna ferðum infæddra afríkubúa innan þéttbýlis. Til að mótmæla þessum lögum var ákveðið að sniðganga ákveðnar vörutegundir, ef fólkið eyðilagði passann fékk það nýjan en með því að sniðganga vörur var hægt að láta ríkisstjórnina finna fyrir gremju efnahagslega og með alþjóðlegum stuðningi gat vörusniðganga orðið að áhrifamiklu vopni (Gurney, 2000:124-126)

Stúdentasamtök innan breskra háskóla höfðu mótmælt aðskilnaðarstefnunni síðan

breska konungsfjölskyldan heimsótti Suður Afríku árið 1947. Cambridge háskólinn setti til dæmis á stofn námssjóð fyrir nemanda frá Suður Afríku en framlög í hann komu aðallega frá háskólastudentum. Á fimmta og sjötta áratugnum komu fleiri innflytjendur frá Suður Afríku í leit að menntun, en suður afrískir háskólar tóku upp aðskilnaðarstefnu á þessum tíma (Gurney, 2000:133-134). Árið 1954 var Bantu Education Act gefin út. Samkvæmt þessum lögum urðu allar kirkjur, sem sá um menntun infæddra afrikubúa, að snúa öllum skólum á sínum vegum yfir til ríkisins (Skinner, 2009:407). Það kom fljótlega í ljós að einkareknir skólar á vegum kirkjunnar voru fjárhagslega og stjórnmálalega séð ekki möguleiki. Stúdentar tóku einnig þátt í kaupbanni á Suður Afrískum vörum. Um haustið 1960 hvatti National Union of Students félagsmenn sína til að sniðganga Suður Afrískar vörur. Stúdentafélög gegn kynþáttafordómum í Oxford háskóla og Camebridge háskóla fylgdu fast á eftir og hvöttu sína meðlimi til að sniðganga Suður Afrískar vörur, félagið í Camebridge hvatti einnig mótuneyti skólans til að taka þátt í að sniðganga vörurnar. London School of Economics gekk svo langt að banna sölu á Suður Afrískum vörum í byggingum sínum (Gurney, 2000:136).

Í desember 1960 varð kaupbannsnefndin (e. Boycott Committee) formlega til, og sáu Suður Afrískir stofnendur fljótt að nefndin þyrfti aukin formlegan stuðning frá breiðari hóp breskra samtaka. (Gurney, 2000:137). Kaupbannsmánuðurinn hófst formlega með fjöldafundi á Trafalgar Square þann 28 febrúar 1961. Mörg þúsund manns tóku þátt í skrudgöngum og hlustuðu á ræður frá formönnum Verkamannaflokksins. Sniðgangan var ekki gerð til þess að fella ríkisstjórn Suður Afríku heldur til að hvetja hvíta þjóðernisstefnusinna til að taka upp nýjan hugsanahátt gagnvart infæddum afrikubúum. Næstu þrjár vikur einkenndust af því að staðbundnir hópar um allt Bretland héldu samkomur og hengdu upp plaköt þar sem almenningur var hvattur til að sniðganga vörurnar. Einnig dreifðu þessir hópar dreifiritum og skrifuðu opin bréf í bæjarfjölmíðlana (Gurney, 2000:140-141).

Áður en kaupbannsmánuðurinn hófst skrifuðu meðlimir kaupbannsnefndarinnar til formanna þeirra fyrirtækja sem fluttu inn vörur frá Suður Afríku og hvöttu þá til að sniðganga vörurnar eða bjóða upp á annan möguleika í vöruúrvali. Aðeins Sainsbury's var tilbúin til að endurskoða vöruúrval sitt. Búðareigendur tóku eftir mismiklum breytingum, á meðan sumum gekk illa að losna við Suður Afrískar vörur þá tóku aðrir ekki eftir neinum breytingum. Tilgangur sniðgöngunnar var ekki að hvetja breska ríkisstjórn til aðgerða heldur að vekja athygli almennings á stöðu mála í Suður Afríku. Mánuðurinn vakti mikla athygli og má segja að þetta hafi verið vel heppnuð aðgerð til að vekja athygli á málstaðnum (Gurney, 2000:141-142).

Þegar kaupbannsmánuðinum var að ljúka bárust fréttir af fjöldamorðunum við Sharpeville. Mótmælendur höfðu safnast saman til að mótmæla vegabréfslögunum. Þetta voru ekki fyrstu fjöldamorðin í Suður Afríku en ólíkt hinum þá voru fréttamenn og ljósmyndarar á svæðinu og myndir sem sýndu mótmælendur skotna í bakið voru fljótar að dreifast um heiminn. Þetta varð til þess að auka andstöðuna gegn aðskilnaðarstefnunni. Á fundi Öryggisráðs Sameinuðu Þjóðanna setti Ekvador fram ályktun (e. resolution) þar sem aðgerðir Suður Afrísku ríkisstjórnarinnar voru harmaðar og hún hvött til að hverfa frá þjóðernislegum stefnumálum sínum. Bandaríkin kusu með meirihlutanum en þrátt fyrir miklar aðgerðir gegn stefnunni innan Bretlands sátu bresku ráðamennirnir hjá í kosningunum ásamt frönsku ráðamönnum (Gurney, 2000: 143, Klein, 2009; 457).

Oft er talið að Sharpeville fjöldamorðin hafi orðið til þess að kaupbannsnefndin varð að hreyfingunni gegn aðskilnaðarstefnunni (e. Anti-Apartheid Movement), um leið og ákvörðunin um kaupbannsmánuðinn var tekin var einnig ákveðið að halda herferðinni áfram eftir að mánuðurinn væri liðinn. Fjöldamorðin í Sharpeville urðu einnig til þess að hreyfingin gegn aðskilnaðarstefnunni sameinaði marga ólíka aðgerðarstefnu hópa innan Bretlands sem börðust gegn aðskilnaðarstefnunni (Klein, 2009;455). Hreyfingin gegn aðskilnaðarstefnunni voru samtök sem einbeitti sér að því að vinna með fólki með ólíkan bakgrunni sem og flestum stjórnsmála flokkum. Samtökin vildu breyta stefnumálum Bretlands og hafa áhrif, ásamt því að upplýsa almenning um ástandið (Klein, 2009:45). Áveðið var að fyrst ekki væri hægt að breyta aðskilnaðarstefnunni innan Suður Afríu þyrfti að koma á alþjóðlegri hagfræðilegri herferð sem hafði þann tilgang að veikja þjóðernissinnaða ríkisstjórn landsins. Sú tegund af herferð hafði verið upphafleg áætlun þeirra sem stofnuðu kaupbannshreyfinguna. Ákveðið var að þessi nýja herferð yrði kölluð “Shun Verwoerd’s South Africa” og var meðal annars krafist að beiðni yrði send til Sameinuðu Þjóðanna þar sem hvatt væri til refsiaðgerða á hendur Suður Afríku. Þessar nýju aðgerðir voru mun grófari en þær gömlu, áður höfðu samtökin einbeitt sér að almenning og kaupbanni á Suður Afrískum vörum en nýja nefndin lagði fram þá tillögu að alþjóðlegri herferð gegn Suður Afríku væri réttlæt看leg vegna þess að aðskilnaðarstefnan væri hættuleg gagnvart stöðugleika og öryggi allra ríkja innan Afríku. Sá siðferðislegi þrýstingur sem vörusniðgöngur vöktu var ekki lengur nægilegur og neyða þyrftir ríkisstjórnina til að breyta stefnum sínum með raunsæum þrýstingi. Kynþáttastefna landsins var ekki lengur innanlandsmál heldur eitthvað sem ógnaði alheimsfrið og öryggi (Gurney, 2000:143-144).

Með baráttunni gegn aðskilnaðarstefnu gafst innsýn inn í tvö mikilvæg sjónarmið, þegar kom að þróun bresks samfélags eftir stríð. Í fyrsta lagi mátti sjá mun rótækari og pólitískari aðgerðarstefnu, sérstaklega þegar kom að málum eins og kjarnorkuvopn og í öðru lagi var aukin gagnrýni á heimsvalda og nýlendustefnur Bretlands. Baráttan gegn aðskilnaðarstefnunni átt þátt í að vekja athygli á kynþáttafordómum og áframhaldandi nýlendustefnu Bretlands (Skinner, 2009:400-401).

Á áttunda og níunda áratugnum breyttist starf hreyfingarinnar gegn aðskilnaðarstefnunni mikið. Bretland, sem hafði áður verið að mestum hluta hvítt samfélag, var núna samfélag ríkt af þjóðernislegum og menningarlegum margbreytileika. Í júní árið 1970 vann félagið einn af sínum stærstu sigrum þegar það náði að koma í veg fyrir landsliðsleik á mótí Suður Afríku í kriket. Auk þess hafði félagið nýja stefnuskrá í mótun, það vildi komast að því hvaða bresku fyrirtæki högnuðust á aðskilnaðarstefnunni, með því að notfæra sér ódýrt vinnuafli, og í kjölfarið að reyna að sannfæra hluthafa til að selja hluti sína í fyrirtækjunum. Hreyfingin barðist einnig fyrir því að Bresk ríkisstjórn myndi halda aftur af peningalánnum til Suður Afríku. Fyrirtækin voru ekki öll sátt við þessar aðgerðir og töldu að þau gætu breytt ástandinu í landinu með því að þjálfa infædda afríska starfsmenn betur og borga hærri laun. Almennigur vildi sjá fyrir endalokum aðskilnaðarstefnu án blóðsúthellingar og bardaga en hreyfinginn trúði að einungis væri hægt að afnema stefnuna endanlega með bardaga. Þeir töldu einnig að eina leiðin til að ná þessu takmarki væri með því að beita refsiaðgerðum gegn Suður Afríku. Samkvæmt þeim eflidist hvítur minnihlutinn þegar erlend fyrirtæki fjárfestu í landinu og stæði því beinlýnis andspænis frelsishreyfinguni og hennar baráttu (Gurney, 2009:473-474).

Einn mikilvægasti þátturinn í endalokum aðskilnaðarstefnunar var hlutverk fjölmiðla. Til dæmis má nefna að á áttunda áratug síðustu aldar var samið baráttulag til styrktar baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni. Danny Schechter fékk til liðs við sig gítarleikara E Street Band og sömdu þeir lagið Sun City sem þeir fengu 54 þekkta einstaklinga til að syngja. Lagið varð að ádeilu máli í útvarpsstöðvum Bandaríkjanna þar sem útvarpsstöðum ætluðum bandaríkjamönnum af afrískum uppruna fannst lagið hljóma of hvítt en hvítum útvarpsstöðvum fannst það hljóma of svart. Lagið vakti loks athygli þegar MTV sjónvarpsstöðin tók að spila myndbandið og varð þetta lag nokkurs konar einkenni milli landa (e. transnational) baráttunar gegn aðskilnaðarstefnunni (Thörn, 2009; 433-434).

Mannréttindarmál voru mjög stór partur af alþjóða baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni. Þegar Sameinuðu Þjóðirnar komu með mannréttindarsáttmála sinn árið

1948 hóf Suður Afríska ríkisstjórnin að setja af stað aðskilnaðarstefnuna. Fjöldamorðin í Sharpeville urðu loks til þess að alþjóðasamfélagið fordæmdi þessa stefnu og jók meðvitund almenings á raunverulegu ástandi í landinu. Sameinuðu Þjóðirnar höfðu fengið fréttir af aðskilnaðarstefnunni frá Indversku ríkisstjórninni árið 1946 og gagnrýndi stofnunin þessa stefnu ásamt því að fordæma hana. Eftir Sharpeville fóru Sameinuðu Þjóðirnar að veita Suður Afríku og ástandinu þar meiri athygli (Klein, 2009:456-457).

3.1. Nelson Mandela

Það er erfitt að ætla að fjalla um aðskilnaðarsstefnuna án þess að minnst á Nelson Mandela. Nelson Mandela fæddist 18 Júlí 1918 í Transkei héraði í Suður Afríku. Við fæðingu fékk hann nafnið Rolihlahla en á Xhosa þýðir það vandræðagemsi, sem passar ágætlega við þegar saga hans er skoðuð (Mandela, 1994:3). Faðir hans lést þegar Nelson Mandela var ungur og var hann þá ættleiddur af ríkjandi konungi Tembu hluta Xhosa ættbálksins. Nelson Mandela hlustaði á gamlar þjóðsögur hjá öldungum ættbálksins og lærði um þjóðerniskennd Xhosa fólksins og þá góðu tíma áður en bretar námu landið. Samkvæmt öldungunum var landnám breta í landinu nýlegt fyrirbæri, eitthvað sem þeir litu eingungis á sem skammtíma bakslag og eitthvað sem væri langt frá því að vera staðreynd (Lieberfeld, 2004; 387).

Þrátt fyrir að Nelson Mandela hafi litið á bresk yfirráð yfir Suður Afríku sem eitthvað ólöglegt var hann þrátt fyrir það umkringdur breskri menningu og breskum siðum. Hann gekk meðal annars í breska skóla og hafði breska kennara. Þegar Nelson Mandela komst á framhaldsstig í menntakerfinu kynntist hann fyrst störfum ANC. Eftir að ósætti komu upp á milli hans og skólastjórnenda í Fort Hare háskólanum flutti Nelson Mandela til Jóhannesborgar árið 1941. Nelson Mandela hafði alist upp í konungsfjölskyldu innan Xhosa samfélagsins og var óvanur þeirri niðurlægingu sem svartir íbúar Suður Afríku þurftu að þola í aðskildum hverfum Jóhannesborgar. Á þessum tíma kynntist hann Walter Sisulu, sem var harður þjóðernissinni sem bar hag svartra íbúa fyrir brjósti. Sisulu aðstoðaði Nelson Mandela við að fá vinnu hjá hvítum lögfræðing í Jóhannesborg, þessi maður var fyrsti hvíti maðurinn til að koma fram við Nelson Mandela eins og manneskju (Lieberfeld, 2004; 387-388).

Nelson Mandela leit á ANC sem nokkurs konar forgangsatíði í lífi sínu og á sjötta áratug síðustu aldar var hann orðin næst æðsti leiðtogi hreyfingarinnar, Mandela var hliðhollur ANC og þegar hópur meðlima hreyfingarinnar slitu sig frá henni til að stofna

róttæku hreyfinguna PAC (e. pan africanist congress) árið 1959 lét hann það ekki á sig fá. Nelson Mandela leit á friðsamleg mótmæli sem mótmælataktík fremur en eitthvað óbreytanlegt lögmál. En aðgerðir Suður Afrísku ríkisstjórnarinnar gegn friðsamlegum mótmælum og stjórn málaegum aðgerðum sem náðu hámarki með fjöldamorðunum í Sharpeville ásamt banni við ANC á sjötta áratugnum urðu til þess að Nelson Mandela aðhlyntist ofbeldisfyllri mótmælaaðgerðum. Mandela og fleiri innan ANC voru sammála því að á endanum hefði komið til ofbeldis hvort sem ANC eða ríkisstjórnin hefðu tekið fyrsta skrefið (Lieberfeld, 2004; 389). Mandela og aðrir innan ANC voru sammála um að hreyfingin þyrfti á alþjóðlegri aðstoð að halda og fór Mandela í leynilegar ferðir úr landi á sjöunda áratug síðustu aldar til að leitast eftir stuðning við hreyfinguna frá öðrum Afríku löndum sem höfðu nýlega öðlast lýðræði frá gömlu nýlendunum. Nelson Mandela eyddi samtals sautján mánuðum í leynilegum erindagjörðum fyrir ANC hreyfinguna og á þessum tíma varð hann aðal talsmaður hreyfingarinnar auk þess að verða sameiningartákn baráttumanna gegn aðskilnaðarstefnunni. Nelson Mandela fann hvernig hann varð smátt og smátt ímynd þjóðernisstefnu svarta mannsins ásamt því að verða pólitískt táknkerfi, hann sýndi það meðal annars með því að mæta í þjóðlegum búning úr hlébarðaskinni í réttarsal hvíta mannsins (Lieberfeld, 2004; 389).

Nelson Mandela eyddi blóma lífs síns fjarri augum almennings, en á þeim 27 árum sem hann dvaldi í fangelsum gengdi hann mikilvægu hlutverki í baráttunni og sigrinum á aðskilnaðarstefnunni (Young, 2007; 300). Nelson Mandela var ákveðin táknmynd fyrir það óréttlæti og þá fangelsun sem meirihluti íbúa Suður Afríku bjó við bæði innan landsins og á alþjóðavísu. Með því að eiga samskipti við yfirmenn fangelsanna sem hann dvaldi í og við verðina sem unnu í fangelsunum komst Mandela að því að hægt væri að rökræða við hvíta stjórnámálamenn landsins. Á meðan á fangelsisvist hans stóð þróaði Nelson Mandela með sér þann eiginleika að hafa gífurlega stjórn á reiði sinni og öðrum tilfinningum ásamt því að þróa með sér ákveðna hörku þegar kom að því að takast á við andstæðinga en þessir eiginleikar komu sér vel þegar kom að því að endurskipuleggja stjórn landsins og hefja viðræður við þáverandi ríkisstjórn (Lieberfeld, 2004; 389 -390).

Nelson Mandela hóf viðræður við ríkisstjórn landsins á síðustu árum hans í fangelsi. Hann taldi að það væri mikilvægt að hafa fyrirgefningu og göfuglyndi að leiðarljósi í Suður Afríku eftir aðskilnað. Þessi stefna hans kom meðal annars í veg fyrir að ofbeldi myndi brjótast út meðal almennings árið 1993 þegar hvítur innflytjandi varð til þess að hetja úr röðum ANC lést, en tilgangurinn var að reyna að eyðileggja væntanlegar lýðræðislegar

forsetakosningar og stofna til borgarastríðs. Nelson Mandela hvatti fólkið til að sleppa öllu ofbeldi í kjölfarið. Með því að koma rétt að málum við hægrisinnaða hvíta Suður Afrikubúa gat Nelson Mandela tryggt nokkuð friðsamleg umskipti úr minnihluta yfir í meirihlutastjórn (Lieberfeld, 2004; 390-391). Nelson Mandela var 75 ára þegar hann var kosin fyrsti forseti landsins í lýðræðislegum kosningum. Mandela gerði allt sem í hans valdi stóð til að ná til allra íbúa landsins og bauð hann meðal annars mönnum sem störfuðu sem fangaverðir á meðan hann var í fangelsi í opinber matarboð. Mandela lagði áherslu á að breyta pólitískri menningu landsins frekar en að búa til flókna nýja pólitíska stefnu (Lieberfeld, 2004; 391). Eftir að Nelson Mandela lét af störfum sem forseti Suður Afríku árið 1999 hélt hann áfam að vera rödd samviskunnar innan landsins og gagnrýndi meðal annars ríkisstjórn Thabo Mbeki fyrir aðgerðarleysi varðandi útbreyðslu alnæmis. Nelson Mandela einbeitti sér að friðarstörfum innan Afríku og þá sérstaklega að borgarastyrjöldum innan heimsálfunnar. Innan Suður Afríku var Nelson Mandela sameiningar tákn um friðsamleg friðarferli innan landsins og í raun um heim allan (Lieberfeld, 2004; 391).

4. Friðarferlið

Kynþáttafordómar í sínu grófasta formi er þegar ákveðin hópur skynjar líf annars hóps sem eitthvað neikvætt í sambandi við eigin líf þeir sem hafa fordóma gegn öðrum kynþætti eru eins og Vitsugurnar í sögunum um Harry Potter. Í stað þess að lifa með öðrum í sátt og samlyndi sjúga þeir lífið úr hópnum sem þeir hafa fordóma gegn, en vitsugurnar í bókunum sjúga lífið úr mannveru ef þær hafa tækifæri til þess. Samkvæmt þessu sugu hvítir Suður Afrikubúar lífið úr svörtum meirihluta með aðskilnaðarstefnu sinni (Hage, 2009:354). Til eru nokkrar tegundir kynþáttafordóma og gagnrýnir Mullings kenninguna um náttúrulega kynþáttafordóma. En með náttúrulegum kynþáttafordómum er átt við mjög almennt form kynþáttafordóma þar sem fordómarnir eru byggðir á sálfélagslegri stöðu, fordómum og trúarbrögðum. Þessir fordómar eru samkvæmt kenningum taldir byggjast í grunninn á mannlegu eðli, hvort sem það er til að mynda meðfætt eða náttúrulegt. Annað sjónarhorn á kynþáttafordómum, sem er hugsanlega meira sannfærandi, eru þeir fordómar sem tengjast valdauppbyggingu og birtast meðal annars í samansöfnunarferli eða eignarsviptingarferli innan staðbundinna eða milliríkja aðstæðna. Seinna dæmið er algengara innan mannfræði-, félagsfræði- og sagnfræðilegra rannsókna á kynþáttafordómum (Mullings, 2005; 668).

Flestir sem verða fyrir kynþáttafordómum upplifa þá sem eyðileggjandi afl: einhverskonar upplausnar tilfinningu innra með þeim. Það þýðir hins vegar ekki endilega að

kynþáttafordómar brjóti fólk algjörlega niður en það er engin vafi á því að einstaklingur sem hefur lent í kynþáttafordómum þarf að leggja mun meiri á sig til að jafna sig og koma í veg fyrir andlegt niðurbrot. Fólk sem verður fyrir kynþáttafordómum líður oft eins og það búi á óvinasvæði samkvæmt Hage, en hann telur einnig að þeim líði stöðugt illa og finnist þau berskjölduð. Hage telur að afsökunarbeiðni frá ríkisstjórn geti haft þau áhrif á hópa sem beittir voru kynþáttafordómum, að auka vellíðan þeirra innan samfélagsins og auðveldi þeim að lokum að jafna sig (Hage, 2009:355).

Árið 2008 beindist athygli heimsins að Suður Afríku og kynþáttafordómum eftir aðskilnaðarstefnuna. Hópur háskólanema bjó til myndband sem þótti ekki passa inn í nýjar stefnur Suður Afríku. Myndbandið fékk mikil viðbrögð og leiddi meðal annars af sér ákæru á háskólanemana sem tóku þátt. Þetta myndband vakti athygli á þeim kynþáttafordómum sem virtust ennþá vera í landinu þrátt fyrir vonir margar um að fordómarnir hefðu horfið í kjölfar starfa Sannleiks og Sáttarnefndarinnar (e. Truth and Reconciliation Commission). Formaður Mannréttindarnefndar Suður Afríku, Jody Kollapen, taldi að störf Sannleiks og Sáttarnefndarinnar hefðu ekki gefið venjulegu fólki innan landsins svigrúm til að velta fyrir sér eigin hlutverki innan aðskilnaðarstefnunnar og hvatti hún ríkisstjórn landsins til að fara að fordæmi Áströlsku ríkisstjórnarinnar og biðjast afsökunar á aðskilnaðarstefnunni. Í beinu framhaldi af þessum atburðum tók almenni borgarinn, Karl Gostner, sig til og bjó til bloggsíðu þar sem hann, sem hvítur borgari, baðst afsökunar á aðskilnaðarstefnunni. Gostner sagði á síðu sinni að þrátt fyrir að hann hefði ekki átt beina þátttöku í stefnunni hafði hann samt grætt á stefnu sem mismunaði fólki. Viðbrögðin við blogginu stóðu ekki á sér, fólk var ýmist með eða á móti skoðunum Gostner og fannst honum á endanum að bloggið væri skömmustulegt dæmi um þá kynþáttafordóma sem ennþá voru til staðar í landinu (Todd, 2009: 356 -357).

Þegar ákall Kollapen og blogg Gostner eru skoðuð má sjá tengingu á milli viðurkenningar á óréttlæti fortíðar og/eða ávinningur einstaklinga á kerfi sem studdi óréttlæti eða útrýmingu kynþáttafordóma eða framtíðar óréttlætis samkvæmt Todd. Svör við þessum staðhæfingu opna aftur þá spurningu um hvert samband milli sameiginlegrar ábyrgðar samfélags eða saknæmi einstaklinga sé við svona aðstæður. Hannah Arendt skoðaði sameiginlega ábyrgð og samkvæmt henni eru tvö skilyrði fyrir sameiginlegri ábyrgð. Í fyrsta lagi verður ábyrgðin að vera fyrir einhverjum verknaði sem einstaklingurinn framdi ekki sjálfur og sem þýðir þá að í öðru lagi verður einstaklingurinn ábyrgur fyrir gjörðum fortíðar vegna þess að þeir tilheyra ákveðnum hópi. Til þess að búa til sameiginlega félagslega ábyrgð

fyrir framtíðina má ekki gleyma fortíðinni (Todd, 2009: 357). Kollapen hélt því fram að TRC hefði ekki náð að búa til sameiginlega félagslega ábyrgð fyrir aðskilnaðarstefnunni frekar en svigrúm til að íhuga stefnuna svo hægt væri að samþykkja sameiginlega ábyrgð. Til þess að ná takmarki Arendt sem pólitískt svar við óréttlæti fortíðar þarf sterkari opinberan grundvöll til að íhuga óréttlætið. Í Suður Afríku þurfa báðar hliðar á málinu að heyrast til þess að ná einhverri niðurstöðu (Todd, 2009; 537).

Þjóðarafsökunarbeiðni, samkvæmt Cowlshaw, stuðlar að þeim tilraunum til að sætta fólk sem var skilið að og gert að óvinum með óréttlátum löggjöfum og stefnum. Ásakanir um pólitíska tækifærisstefnu koma málinu ekki við, kraftur og hagkvæmni sameiginlegs félagslegs lífs er staðfest í gegnum persónuleg vísla samskipti og samúð sem getur haft alvöru áhrif (Cowlshaw, 2009: 360).

Eitt mest ögrandi verkefni alþjóðasamfélagsins er að finna friðsamlegar lausnir á hörðum og erfiðum baráttum. Samkvæmt Bar-Tal inniheldur þetta verkefni tvö stig. Fyrsta stigið er að ná tímabundinni stjórn á átökunum en þetta stig inniheldur oftast en ekki samningaviðræður, málamiðlun, úrskurð gerðardóms ásamt því að krefast stuðnings yfirstéttar og leiðtoga innan landsins, að sjálfsögðu þarf einnig einhvern stuðning frá almenning líka. Annað stigið er dýpra og inniheldur sjálft friðarferlið. Þetta stig krefst þess að ný stefnuskrá sé gerð innan samfélagsins og verður þessi stefnuskrá grunnur friðarferlisins. Þetta seinna stig er mjög mikilvægt að því leyti að það leggur bæði grunninn að því að leysa deilurnar endanlega og það býr samfélagsmeðlimi undir það að búa í friðsömu samfélagi (Bar-Tal, 2009; 363).

Þessi átök sem þarfnast sáttarsamkomulags eru oft á tíðum mjög erfið átök. Til að öðlast frið þurfa samfélögin að breyta hugmyndum (e. ethos) um stríð og sameiginlega tilfinningaríka samstöðu. Sameiginleg minning um átök er notað til að útskýra sögu átakanna fyrir samfélagsmeðlimum og hugmyndin (e. ethos) um átökin veita ríkjandi samstöðu fyrir samfélagið í nútímanum ásamt því að vera leiðbeinandi fyrir framtíðina. Þessar frásagnir einkennast af vali, fordómafullar og brenglaðar en aðal tilgangur þeirra er að fullnægja þörfum samfélagsins frekar en að gefa upp hlutdræga mynd af raunveruleikanum. Þær réttlæta samfélagsstöðuna, sýna hana í mjög jákvæðu ljósi og sem fórnarlamb átakanna ásamt því að óréttlæta stöðu mótherjans. Þessar frásagnir hafa líka áhrif á efnisskrá (e. repertoire) samfélagsins. Efnisskráin virðist vera ríkjandi í orðræðu samfélagsins og kemur meðal annars fram í fjölmiðlum og bíómyndum (Bar-Tal, 2009; 363-364).

Allir meðlimir samfélagsins eru á einn eða annan hátt tengdir átökunum. Biskupakirkjumaðurinn (e. Anglican) Michael Lapsley sagðist hafa verið friðarsinni er hann

kom fyrst til Suður Afríku en eftir smá tíma komst hann að því að ekki var hægt að vera hlutlaus í landinu. Hann sagði að ef maður var hvítur en gerði ekkert til að breyta ástandinu varð maður ósjálfrátt undirlylla aðskilnaðarstefnunar (Taylor ofl, 1999; 2-3).

Formlegar friðarumræður henta stundum aðeins leiðtoga landsins og nánasta fólki hans. Þetta veldur því að meirihluti íbúa er á móti friðarumræðunum eða ef þær eru samþykktar halda ennþá í gamlar hugmyndir frá tímum ófriðar. Þetta veldur því að lausnin sem á að leysa deilumálin er óstöðug, til dæmis í Angóla var þetta til þess að friðarumræður féllu. Í Angóla og öðrum löndum þar sem svipað hefur gerst er lítil von um að breyta ófriðarástandinu í eitthvað friðsælt því sáttarumræður fengu ekki að hefjast, voru settar á bið eða hafa gengið mjög hægt. Til þess að sáttarumræður virki og leiði af sér friðarástand þurfa þær að hafa áhrif á efnisskrá samfélagsins (Bar-Tal, 2009; 365).

Bar-Tal telur að til þess að geta farið af stað í sáttarumræður þarf fyrst að réttlæta og manngera (e. humanization) mótherjann. Þetta veldur því að hægt er að sjá mótherjann sem réttlátan mótspilara í friðarumræðum og að hann eigi mannsæmandi meðferð skilið. Auk þess þarf að líta svo á að hægt sé að leysa átökin og það þarf að viðurkenna að báðar hliðar geti krafist réttlátrar meðferðar hvað varðar markmið og þarfir. Bar-Tal vitnar einnig í Marrow sem sagði að sáttarumræður séu endurbygging á vináttu sem getur leitt af sér traust þrátt fyrir klofningu. Hann leggur áherslu á að traustið tákni að það sé nauðsynlegt að taka tilitt til þarfar annarra og að grundvallarspurningin er ekki hvað þeir þurfa að gera heldur hvað samfélagið í heild sinni þarf að gera til að kynna sáttarumræðurnar (Bar-Tal, 2009; 366). Bar-Tal vitnar líka í Lederach sem kom með fjögur stig sem hann telur nauðsynleg til að leysa erfiðar deilur. Samkvæmt Lederach þarf sannleikann, miskun, réttlæti og frið. Sannleikurinn krefst þess að tala opinskátt um og viðurkenna harmleik fortíðarinnar, miskunin krefst viðurkenningar, fyrirgefningar og samúðar. Réttlætið krefst endurbóta, leiðréttinga og félagslegrar enduruppbyggingar og að lokum friðurinn sem krefst samvinnu, samstillingar, virðingar og samræmis. Þetta líkan bendir til þess að sáttarumræður byggjast á því að báðar hliðar segja sannleikann um átökin og báðar hliðar fyrirgefi hvor annari (Bar-Tal, 2009; 366-367). Almennt samþykki er fyrir því að til þess að sáttarferlið gangi upp og leiði af sér friðarástand þarf samfélagið að koma sér upp nýju sameiginlegu sjónarhorni á því sem gerðist í átökunum. Oft er gefið í skyn að um leið og sameiginlegur skilningur á því sem gerðist er komin taki báðar hliðar mikilvægt skref í áttina að vel heppnuðum sáttum (Bar-Tal, 2009; 367)

Sannleiks og sáttarnefndin sem var sett upp í Suður Afríku eftir að aðskilnaðarstefnu lauk er meðal fimmtán sáttarnefnda sem settar hafa verið upp úti um allan heim á

síðastliðnum tveimur áratugum. Sannleiks og sáttarnefndin hafði það hlutverk að rannsaka ákveðin brot á mannréttindarlögum sem framin voru undir stefnum og löggjöfum aðskilnaðarstefnunnar. Meðal þeirra mannréttindabrota sem sannleiks og sáttarnefndin rannsakaði voru morð, mannrán, pyntingar og hræðilegar meðferðir á mannfólki. En þessi brot áttu sér stað frá fyrsta mars 1960 til fimmta desember 1993 (Wilson, 2000; 79). Sannleiks og sáttarnefndin rannsakaði ekki öll mál sem áttu sér stað undir reglum aðskilnaðarstefnunnar þrátt fyrir að margir litu á þau mál sem greinileg mannréttindarbrot. Til dæmis voru menntastefna innfæddra (e. Bantu Education Act) og varðhald án réttarhalda löglegar aðgerðir á meðan aðskilnaðarstefnan var við gildi og voru tengd málefni ekki rannsökuð (Wilson, 2000; 79).

Störfum sannleiks og sáttarnefndarinnar var skipt upp í þrjár undirnefndir. Fyrsta sá um mannréttindarbrot, önnur sá um stríðsskaðabætur og þriðja sá um almenna sakauppgjöf (e. amnesty). Á árunum 1996-1997 var undirnefndin sem sá um mannréttindarbrot með áttatíu réttarhöld um alla Suður Afríku þar sem þúsundir almennra borgara komu og báru vitni um óréttlætið sem hafði átt sér stað. Sannleiks og sáttarnefndin í Suður Afríku tók við fleiri vitnisburðum en nokkur önnur samskonar nefnd hafði áður gert, en 21.298 vitnisburðir voru teknir. Undirnefndin sem sá um mannréttindarbrot þurfti svo að skoða öll sönnunargögn og fara yfir öll mál til að ákveða hvaða mál yrðu tekin fyrir í opnum réttarhöldum og ákvað hvaða mál færu fyrir nefndina sem sá um stríðsskaðabætur. Í lokaskýrslu nefndarinnar sem kom að mannréttindabrotum, sem var gefin út í október 1998, voru um það bil 400 brotamenn (e. perpetrators) nefndir. Nefndin sem sá um stríðsskaðabætur átti erfitt starf fyrir höndum. Vandamálið var að sannleiks og sáttarnefndin sjálf hafði enga peninga milli handanna til að láta eftirlifandi þolendur fá og gátu aðeins komið með óskuldbindandi tillögur til forsetasjóðsins (e. President's Fund). Sannleiks og sáttarnefndin lét fólkið vita frá upphafi að það ætti ekki að gera sér miklar vonir um að fá miklar peningaupphæðir til baka og á endanum lagði nefndin til að útvaldir þolendur ættu að fá um það bil 3.500 bandaríkjadali á ári yfir sex ára tímabil. Það mun koma í ljós með tímanum hvort að stríðsskaðabæturnar og ferlið sem fylgir þeim, sem að mati Wilson eru mikilvægur hluti af friðarferlinu, muni einhvertíman taka mark á þörfum og væntingum eftirlifandi þolenda (Wilson, 2000; 79).

Það sem Suður Afríska sannleiks og sáttarnefndin hafði fram yfir aðrar svipaðar nefndir var sú undirnefnd sem kom að almennri sakauppgjöf. Sú nefnd fékk um það bil sjö þúsund umsóknir, umsækjendur þurftu að uppfylla ákveðin skilyrði til að fá sakauppgjöf og þurftu að gefa upp allt varðandi þá glæpi sem sótt var um sakauppgjöf frá. Ef eitthvað fannst

athugavert við umsóknina eða seinna kom í ljós að ekki hafði allt verið gefið upp átti umsækjandinn á hættu að vera ákærður. Tilgangurinn með þessu var til að fá lykilmenn úr fyrri ríkisstjórn til að viðurkenna á opinberum vettvangi hvað þeir höfðu gert og einnig var þetta góð leið til að sýna það nýja vald sem hin nýja ríkisstjórn hafði með því að láta mennina ljóstra upp því sem þeir hefðu viljað halda leyndu. Mikið af upplýsingunum frá til dæmis fyrrum lögreglumönnum sem kom í ljós hafði aldrei verið gefið upp opinberlega áður (Wilson, 2000; 79). Það má segja að sannleiks og sáttarnefndin hafi búið til stökkpallinn fyrir framtíðarbreytingar innan Suður Afríku með því að sjá til þess að hryllingur aðskilnaðarstefnunar gleymist ekki en þrátt fyrir það má ekki gleymast að nefndin, þrátt fyrir góð störf, getur ekki leyst vandamál landsins á einni nóttu (Stanley, 2001; 543).

Þegar Nelson Mandela var loks hleypt úr fangelsi þann ellefta febrúar 1990 má lýsa því sem einu táknrænasta augnabliki tuttugustu aldarinnar. Sérstaklega þegar litið er tilbaka á hversu friðsæl þessi stund var. Ekki kom til blóðugra átaka eins og margir höfðu búist við. Fjórum árum seinna, eftir miklar viðræður á milli Nelson Mandela og þáverandi forseta F.W De Klerk var loksins komið að fyrstu lýðræðislegu kosningum landsins þar sem hver maður fékk eitt atkvæði (Young, 2007; 295-296).

Þann 10. maí 1994 var Nelson Mandela vígður sem forseti Suður Afríku og var vígsluathöfnin ein stærsta samkoma alþjóðlegra leiðtoga sem hafði verið haldin í landinu. Nelson Mandela minnst dagsins í bók sinni *The Long Walk to Freedom* með þessum orðum:

“The ceremonies took place in the lovely sandstone amphitheatre formed by the Union Buildings in Pretoria. For decades this had been the seat of white supremacy, and now it was the site of a rainbow gathering of different colours and nations for the installation of South Africa’s first democratic, non-racial government”

(Mandela, 1994; 746).

Lokaorð

Fólk notar oft etníska hópa til að aðskilja sig frá öðrum og oftast en ekki eru einhverjir augljósir eiginleikar notaðir til að skilja mannfólkið að sem ákvarðast meðal annars af vistfræðilegri staðsetningu hópsins. Barth (1996) vill meina að þegar þetta er gert má ekki ganga út frá því að það sé alltaf samasem merki milli etnískra eininga og menningarlegs sameiginleika. Kynþáttafordómar byggjast oftast en ekki á þeirri staðreynd að sérhver etniskur hópur hafi eigin persónuleika sem ákvarðast bæði af kynþætti og útliti (Eriksen, 2002).

Eriksen (2002) og Barth (1996) vilja báðir meina að það sé ekki hentugt að nota menningu til að aðgreina etníska hópa en Barth vill meina að ef menning er notuð til að aðskilja etnisku hópana sé verið að gefa í skyn að hóparnir séu bæði ótengdir öðrum hópum og lifi í einangrun frá umheiminum.

Fjölmargar skilgreiningar eru til á orðunum *ethnic* og *ethnicity* en íslensk þýðing á orðunum er þjóðerni. Barth (1996) skilgreinir etníska hópa sem hópa fólks sem eru að mestu leyti líffræðilega sjálfveitandi, eiga bæði í samskiptum og samvinnu við aðra hópa og hafa einhver sameiginleg menningarleg gildi.

Menning er annað hugtak sem hefur margar líkar og ólíkar túlkanir. Metcalf (2006) telur að menning sé eitthvað sem fullorðið fólk kenni barni og Wikan (1999) heldur því fram að hugtakið menning sé í dag nýtt hugtak yfir kynþætti. Í mörgum löndum hefur svokölluð fjölmening verið tekin upp með þeirri menningarlegri margbreytni sem henni fylgir.

Hugmyndir um félagslegan darwinsíma eru ekki nýjar af nálinni en á fyrri öldum voru líffræðilegar kenningar manna á borð við Darwin og Spencer teknar og meðal annars notaðar til að réttlæta þær stefnur sem stjórnvöld í nýlendum notuðu til að kúga innfædda frumbyggja landana. Þjóðhverfur hugsanaháttur og félagslegur darwinismi gaf nýlenduherrunum þann kenningarlega grunn sem þeir þurftu til að réttlæta þessar stefnur sínar (Dafler, 2005).

Mannfræðin hefur ekki einbeitt sér mikið af skrifum um kynþáttafordóma og vill Mullings (2005) meina að það sé vegna þess hversu tengd fræðigreinin er kynþáttafordómum í sögulegu samhengi, en ekki má gleyma að mannfræðin átti líka stóran þátt í að breyta kynþáttafordómum. Franz Boas, Ruth Benedickt og fleiri voru meðal þeirra sem voru á móti fordómum byggðum á kynþætti og litu á þá sem fyrst og fremst fáfræði.

Suður Afríka á sér vissulega langa sögu en landnám átti sér stað á sextánda öld þegar Jan van Riebeeck kom þangað ásamt mönnum sínum. Upphaflega átti landið aðeins að þjóna sem skipamiðstöð fyrir skip Hollendinga en þegar meðal annars gull fannst í landinu breyttust þær ráðagerðir og landnemar hófu að flytja til landsins. Það mætti segja að aðskilnaðurinn hafi byrjað að einhverju leyti strax þá því landnemarnir þurftu landsvæði og fannst þeim tilvalið að fá landsvæði Khoikhoi fólksins og tók það aðeins nokkra bardaga til að Hollendingar fengu það sem þeir vildu.

Eftir að borgarastyrjöldinni í landinu lauk árið 1902 öðlaðist landið æ meira sjálfstæði. Hvítir einstaklingar urðu smátt og smátt ósáttari með hag sinn innan landsins sem varð til þess að Þjóðernisflokkurinn var stofnaður og með honum kom aðskilnaðarstefnan eins og við þekkjum hana.

Smám saman varð umheiminum ljóst hvað var í gangi í Suður Afríku og varð það til að alls kyns hreyfingar urðu til sem börðust gegn aðskilnaðarstefnuni. Gurney (2000) og Skinner (2009) eru meðal þeirra sem hafa fjallað um hreyfingar gegn aðskilnaðarstefnuni innan Bretlands. Skinner fjallar um kaupbannsátökin sem voru vinsæl um miðja síðustu öld. Samstarf var á milli þessara hreyfinga og ANC flokksins í Suður Afríku. Kaupbannsátökin áttu að hafa efnahagsleg áhrif á Suður Afríku en neytendur voru hvattir til að sniðganga allar vörur frá landinu.

Bretar litu á aðskilnaðarstefnuna sem brot á mannréttindum og urðu málefni Afríku æ stærra mál innan breskra stjórn mála (Gurney, 2000). Samtök stúdenta létu einnig oft í sér heyra með mótmælum gegn aðskilnaðarstefnuni.

Sharpeville fjöldamorðin árið 1960 eru oft talin vera ástæðan fyrir að heimurinn tók í alvöru eftir aðskilnaðarstefnuni. Fjöldi svartra mótmælenda voru skotnir í bakið þegar þeir flúðu frá lögreglumönnum (Klein, 2009 og Gurney, 2000).

Nelson Mandela er ákveðin táknmynd fyrir baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni en hann fór meðal annars í fangelsi í 27 ár vegna baráttu sinnar og endaði síðan sem fyrsti lýðræðislega kosni forseti landsins. Young (2007) og Lieberfeld (2004) fjalla um hvernig Mandela og de Klerk þáverandi forseta tókst að breyta pólitískri menningu landsins og komast hjá blóðbaði þegar Mandela var loks hleypt úr fangelsi.

Friðarferlið eftir að aðskilnaðarstefnuni lauk er mjög merkilegt, ferlið sjálft var að mörgu leyti mjög friðsælt. Bar-Tal (2009) kom með ákveðnar kenningar þar sem hann telur umræðu vera mikilvægan part af friðarferli eftir svona baráttu. Bar-Tal telur að þurfi að breyta hugmyndum (e. ethos) samfélagsins um stríð svo hægt sé að öðlast einhverjar sættir. Bar-Tal kemur inn á þá staðreynd að stundum henti friðarumræður aðeins leiðtogum samfélagsins og þurfa þessvegna meirihluti íbúa að taka þátt og friðarferlið þarf að hafa áhrif á samfélagið.

Todd (2009) telur að fólk sem verður fyrir miklum kynþáttafordómum eigi oft erfitt með að láta sér líða vel innan samfélags síns. Hann telur að opinber afsökun frá stjórnvöldum geti hjálpað við að gera andrúmsloft innan samfélagsins betra og með því hjálpað þolendum fordómanna að jafna sig á þeim. Cowlishaw (2009) er á sama máli og telur að afsökunarbeiðni stuðli að þeim tilraunum til að sætta fólk sem var áður aðskilið með alls kyns reglum og löggjöfum

Wilson (2009) skrifaði afar áhugaverða grein um sannleiks og sáttarnefndina sem sett var upp í Suður Afríku sem partur af friðarferlinu í landinu. Fólk gat farið með mál sín og lagt þau fyrir nefndina. Nefndin, sem skipt var í þrjár undirnefndir, fór yfir öll mál og ákvað hvaða

mál væru hæf til að fara í opin réttarhöld. Sannleiks- og sáttarnefndirnar, þrátt fyrir einhverja galla, eru mikilvægur hluti í friðarferli innan landsins.

Þegar ég fór að velja mér ritgerðarefni fyrir BA ritgerðina var valið ekki erfitt, ég vissi að mig langaði að fjalla um eitthvað tengt suður hluta Afríki en árið 1995, rétt fyrir níu ára afmælið mitt, fluttist ég með fjölskyldu minni á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til Namibíu. Ég heillaðist af landinu og eftir að ég flutti heim aftur var ég harð ákveðin í því að fara aftur út. Eftir stúdent fór ég með vinkonu minni til Suður Afríku og dvöldum við þar í nokkrar vikur. Við vorum í sjálfboðavinnu í þjóðgarði rétt hjá Port Elizabeth, mér er alltaf minnstætt það sem einn yfirmaðurinn þar sagði. Hann sagði að þrátt fyrir að aðskilnaðarstefnan væri ekki lengur lögleg stefna þá væri hún ennþá mjög föst í fólkinu og þá sérstaklega fólki af eldri kynslóðum. Mér finnst nokkuð mikið til í þessari setningu hjá honum. Ég man ekki eftir að hafa fundið fyrir aðskilnaði þegar ég bjó í Namibíu, ég gekk í skóla þar sem nemendur og kennarar voru svartir, hvítir og litaðir. En þegar ég var í sjálfboðavinnuni í Suður Afríku tók ég meira eftir þessu, ekki var mikið um persónuleg samskipti utan vinnutíma milli vinnufólksins og hvítra yfirmanna. Ákveðin augnarráð frá fólki voru líka til dæmis mjög algeng ef við vorum á veitingarstöðum eða á götum nálægra bæja með samstarfsmönnum okkar sem flestir komu frá Zimbabwe. Ég held því að ég verði að vera sammála því sem þessi yfirmaður minn sagði, aðskilnaðarstefnan er ennþá til að einhverju leyti og líklegast þarf nokkrar kynslóðir í viðbót til að hún hverfi úr samfélaginu.

Heimildir

- Appel, S.W. (1989). Outstanding Individuals do not Arise from Ancestrally Poor Stock: Racial Science and the Education of Black South Africans [rafræn útgáfa]. *The Journal of Negro Education*, 58(4) (544-555)
- Barnard, A. (2000). *History and Theory in Anthropology*. Cambridge University Press. United Kingdom
- Barnard, A. og Spencer, J. (Ritstjórar). (2007). *Encyclopedia of Social and Cultural Anthropology*. Routledge. New York
- Bar-Tal, D. (2009). Reconciliation as a Foundation of Culture of Peace [rafræn útgáfa]. í J. de Rivera (ritstjóri) *Handbook on Building Cultures of Peace*. (bls.363-78) Springer. USA
- Barth, Fredrick. (1996). Ethnic Groups and Boundaries [rafræn útgáfa]. Í Hutchinson. J og A. Smith (ritstjórar), *Ethnicity*. Oxford: Oxford University Press (bls. 75-82).
- Cowlshaw G. (2009). A multiplicity of meanings: an ethnographic reflection on Kevin Rudd's apology on behalf of the nation, to Australia's Indigenous peoples in January 2008. Birtist í *The Ethics of Apology: A Set of Commentaries* [rafræn útgáfa] .Í N, Mookherjee(ritstjóri). *Critique of Anthropology*, 29 (3) (358-361).
- Dafler, J. (2005). Social Darwinism and the Language of Racial Oppression: Australia's Stolen Generations [rafræn útgáfa]. *ETC: A Review of General Semantics*. 62(2). (bls. 137-149).
- Eriksen, T.H. 2002. *Ethnicity and Nationalism*. Pluto Press. London
- Frankel, P. (1979). The Politics of Passes: Control and Change in South Africa [rafræn útgáfa] . *The Journal of Modern African Studies*, 17(2), (bls. 199-217)

- Gurney, C. (2000). A great cause: the origins of the Anti Apartheid Movement, june 1959-1969 [rafræn útgáfa] . *Journal of South African Studies*, 26(1), (bls. 123-144)
- Gurney, C. (2009). The 1970s: The Anti-Apartheid Movement's Difficult Decade [rafræn útgáfa]. *Journal of Southern African Studies*, 35(2), (bls. 471-487)
- Hage G. (2009). On the apology. Birtist í *The Ethics of Apology: A Set of Commentaries* [rafræn útgáfa]. Í Mookherjee. N (ritstjóri). *Critique of Anthropology*, 29 (3) (bls. 353-356)
- Klein, G. (2009). The British Anti-Apartheid Movement and Political Prisoner Campaigns, 1973-1980 [rafræn útgáfa]. *Journal of Southern African Studies*, 35(2), (bls. 1455-470.)
- Lieberfeld, D. (2004). Peace Profile: Nelson Mandela [rafræn útgáfa]. *Peace Review*. 16(3). (bls. 387-392).
- Mandela, N.R. (1994). *Long Walk To Freedom*. Little, Brown and Company. Great Britain
- Manzo, K.A. (1998). *Creating Boundaries: The Politics of Race and Nation*. [Rafræn útgáfa]. Lynne Rienner Publishers. United States of America
- Marks, S. og Trapido, S. (1989). South Africa since 1976: An Historical Perspective. Birtist í *South Africa: No Turning Back* [rafræn útgáfa]. Í Johnson, S (ritstjóri) (bls. 1-52). David Davies Memorial Institute og International Studies. Great Britain
- Meatcalf, P. (2005). *Anthropology The Basics*. Routledge. New York
- Mullings, L. (2005). Interrogating Raceism: Towards an Antiracist Anthropology [rafræn útgáfa]. *Annual Review of Anthropology*, 34. (bls. 667-693).

- Nattrass, N. (1991). Controversies About Capitalism and Apartheid in South Africa: an Economic Perspective [rafræn útgáfa]. *Journal of Southern African Studies*, (17)4 (bls. 654-677).
- Ross, R. (1999). *A Concise History of South Africa*. Cambridge University Press. United Kingdom
- Skinner, R. (2009). The Moral Foundations of British Anti-Apartheid Activism, 1946-1960. *Journal of Southern African Studies*, 35(2), (bls. 399-416).
- Stanley, E. (2001). Evaluating the Truth and reconciliation Commission. *Journal of Modern African Studies* (39)3. (bls. 525-546).
- Todd, L. R. (2009). Space for reflection? Inciting apology in South Africa: The Ethics of Apology: A Set of Commentaries. Í N, Mookherjee (ritstjóri). [rafræn útgáfa]. *Critique of Anthropology*, 29 (3) (bls. 356-358).
- Taylor, R., Cock, J. og Habib, A. (2008). Projecting peace in Apartheid South Africa. [rafræn útgáfa]. *Peace & Change*, 24(1), (bls. 1-14).
- Thörn, H. (2009). The Meaning(s) of Solidarity: Narratives of Anti-Apartheid Activism.[rafræn útgáfa]. *Journal of Southern African Studies*, 35(2), (bls. 417-436).
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2006). Fjölmennung og Samlögung [rafræn útgáfa]. *Kirkjuritið*. (72)1 (bls. 13-17).
- Wikan, U. (1999). Culture: A new concept of race.[rafræn útgáfa]. *Social Anthropology*. (7)1. (bls. 57-64).
- Wilson, R.A. (2000). Reconciliation and Revenge in Post-Apartheid South Africa: Rethinking Legal Pluralism and Human Rights.[rafræn útgáfa]. *Current Anthropology*. 41(1). (bls. 75-98).
- Young, M. (2007). Playing Red and Playing Blue; The 1990-94 Negotiation Miracle in South Africa. [rafræn útgáfa]. *International Negotiation*. (12) (bls. 295-310)